

ASÍ telur samninga í hættu vegna forsendubrests

„Eins og staðan er í dag er forsendubresturinn augljós,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Forsendunefnd ASÍ og SA kemur saman í vikunni og hafa frest fram að mánaðamótum til að meta stöðuna. Sáttasemjari segir árið geta orðið annasamt.

KJARAMÁL Forsendur kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og ASÍ eru í hættu og verða forsendur metnar í vikunni. Svo gæti farið að samningar opnast um mánaðamótin.

„Eins og staðan er í dag er forsendubresturinn augljós,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Í forsendum við gerð kjarasamningsins var rætt um laun annarra hópa, húsnæðisfrumvörp ríkisstjórnarinnar, að þau frumvörp kæmst til framkvæmda og að verðbólga héldist stöðug.“ Að mati Gylfa hafa laun annarra hópa, eins og alþingismanna og ráðherra, hækkað umfram það sem menn ætluðu. Þá hafi ekki verið staðið við aðgerðir í húsnæðismálum.

„Forsendunefnd ASÍ og SA hittist í vikunni og fer yfir þessar forsendur. Við þurfum síðan að skila niðurstöðu innan átta daga um hvort forsendurnar halda eða ekki. Verði niðurstaðan að forsendur séu brostnar fer málið til samninganefndar ASÍ og næstu skref verða ákveðin,“ bætir Gylfi við.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir stöðuna óljósa en að málin skýrist í þessari viku. „Við biðum niðurstöðu forsendunefndarinnar en á meðan er samningur í gildi. Úrskurður kjararáðs frá því í október er sannarlega ekki að hjálpa til enda ályktuðum við hjá SA harðlega gegn þeirri ákvörðun,“ segir Halldór Benjamín.

Úrskurður kjararáðs frá því í október er sannarlega ekki að hjálpa til enda ályktuðum við hjá SA harðlega gegn þeirri ákvörðun.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA




Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari segir 2017 geta orðið annasamt ár hjá embættinu. Búið sé að klára tvo erfiða samninga á þessu ári, samninga sjómanna við útgerðina og kjarasamning Flugfreyjufélags Íslands við Flugfélag Íslands.

„Samningur Læknafélagsins rennur út í apríl og í haust renna út samningar við grunnskólakennara og skurðlækna og gerðardómur BHM rennur einnig út. Þetta voru allt nokkuð erfiðar samningalotur,“ segir Bryndís. „Þó að þessi mál séu ekki komin á mitt borð er ég farin að undirbúa komu þeirra.“

— sa / sjá síðu 6



Margmenni hefur verið í Hlíðarfjalli á Akureyri undanfarna daga og gríðarleg stemning. Flestir af skíðamönnum komu að sunnan en vetrarfrí standa yfir í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Gjá milli íbúa og yfirvalda

SKIPULAGSMÁL Íbúar og Vesturbæjar-skóli gagnrýna áform um byggingu hótels og 70 íbúða á svokölluðum Byko-reit. Elísabet Jökulsdóttir, rit höfundur og einn margra Vesturbæinga sem gagnrýna áformin, segir stóra gjá milli borgarbúa og borgarstjórnar.

„Ég er búin að eyða hverri einustu krónu í að kaupa þetta hús, einstæð móðir með tvö börn, og á það loksins næstum skuldlaust. Þá dynur þetta yfir,“ segir Elísabet Jökulsdóttir. — gar / sjá síðu 4



Elísabet Jökulsdóttir

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Páll Matthíasson og Jón Atli Benediktsson skrifa um rannsókn á plastbarkamálinu. **11**

SPORT Fljótari en allir aðrir að ná 100 sigrum. **12**

MENNING Áskell Másson, alltaf betri og betri. **20**

LÍFID Séra Bjarni Karlsson leiðbeinir í tímum Trúarþrek þar sem þátttakendur auka bæði andlegt og líkamlegt hreyfingu á sama tíma með alhliða þjálfun. **26**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

VERTU LAUS VIÐ
LÍÐVERKI



www.artasan.is

Vertu með
hraðasta
farsímanet
á Íslandi

Síminn



SPEEDTEST
VERÐLAUN
SIGURVEGARI
2016

HRAÐASTA
FARSÍMANET
Á ÍSLANDI

Veður



Norðaustlæg átt í dag og nokkuð hvasst suðaustan til á landinu. Slydda eða snjó-koma sunnan- og síðar austanlands, en dálítill íl við norðvesturströndina. Hiti kríngum frostmark. **SJÁ SÍÐU 16**



Varanleg lausn þessa vanda er aðkalliandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Göngustígar endurlagðir við Gullfoss

FERÐAÞJÓNUSTA Umhverfisstofnun hefur lagt mól á göngustíga við Gullfoss og varið umhverfið við fossinn til bráðabirgða.

Í tilkynningu frá stofnuninni segir að þannig hafi verið brugðist við ófremdarástandi sem skapaðist á gönguleið við Gullfoss þegar mikil vætutið og umferð ferðamanna leiddi til þess að hluti göngustíga við fossinn breyttist í drullusvað í síðustu viku.

Búið er að aka sex vörubíls-hlössum af harpaðri mól í stígana og verja umhverfið eins vel í bili og kostur er, að sögn Lárusar Kjartanssonar, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, en hann hafði eftirlit með framkvæmdunum.

Fréttablaðið fjallaði um málið á fimmtudag og birtir myndaröð sem sýndi hvernig komið var við fossinn og á Geysissvæðinu. Samtöl Fréttablaðsins við ferðamenn leiddu í ljós að forarsvaðið fór ekkert sérstaklega í taugarnar á þeim, en eins og þráfaldlega hefur verið sagt frá er álag vegna ferðamanna sérstakt áhyggjuefni í ljósi fjölgunar þeirra. – shá

Louisu Matthíasdóttur minnst á 100 ára afmælinu



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði menningarmerki til heiðurs Louisu Matthíasdóttur myndlistarkonu við Höfða í gær. Athöfnin fór fram á 100 ára fæðingarársmæli listakonunnar. Viðstödd athöfnina var meðal annars Temma Bell, dóttir Louisu, auk margra annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Snap hefur sölu á Spectacles

TÆKNI Bandaríska fyrirtækið Snap, framleiðandi samfélagsmiðilsins Snapchat, hóf í gær sölu á vöru sinni Spectacles á netinu. Spectacles eru gleraugu sem tengjast snjallsíma með Bluetooth og taka myndbönd sem síðan er hlaðið upp á Snapchat-aðgang notandans.

Hingað til höfðu gleraugun eingöngu verið fánlegi sjálfsölum sem spröttið höfðu upp á handahófskennendum stöðum í Bandaríkjunum. Við slíka sjálfsala mynduðust langar raðir þeirra sem spenntir voru fyrir gleraugunum. Nú eru þau fánlegi í vefverslun Snap, þó eingöngu í Bandaríkjunum.

„Viðbrögðin hafa verið jákvæð og það gleður okkur að geta gert Spectacles aðgengilegi, sérstaklega þar sem fjölmargir Bandaríkjamenn hafa ekki komist í sjálfsala,“ segir talsmaður Snap við The Wall Street Journal. – þea

Erlent vinnuafli býr á dvalarheimili aldraðra

Flugþjónustufyrirtækið IGS gerir upp gamalt dvalarheimili aldraðra í Garði. Þar munu erlendir starfsmenn flytja inn í vor. Fyrirtækinu dugði ekki að kaupa þrjár blokkir undir erlent vinnuafli. Ráða 220 erlenda starfsmenn fyrir sumarið.

ATVINNUMÁL Flugþjónustufyrirtækið Icelandair Ground Services (IGS), systurfyrirtæki Icelandair, vinnur þessa dagana að endurbótum á gömlu dvalarheimili aldraðra í Garði. Þar munu allt að 80 erlendir starfsmenn fyrirtækisins búa síðar á þessu ári en húsnæðismál erlends vinnuafli á Suðurnesjum er stöðugt úrlausnarefni fyrirtækja þessi misserin vegna fjölgunar starfa á Keflavíkurflugvelli.

Gunnar S. Olsen, framkvæmdastjóri IGS, staðfestir að unnið sé hörðum höndum við að gera húsnæðið tilbúið í tíma.

„Þarna eru töluvert af herbergjum sem verið er að laga fyrir okkur. Snyrta til, mála og gera vistlegt. Svo leigjum við þetta til okkar fólks sem kemur í vor,“ segir Gunnar og bætir við að mögulegt verði að leigja allt að 80 starfsmönnum, bæði sem einstaklingsherbergi og fyrir þá sem kjósa að deila herbergi.

„Við erum að ráða erlenda starfsmenn í nánast hverja einustu deild hjá okkur; hlaðmenn, í ræstingar, innritun, flugeldhúsi og lagerstarfsmenn,“ segir Gunnar og bætir við að ráðnir hafa verið 220 erlendir starfsmenn sem bætast í stóran hóp Íslendinga sem verða örugglega um 400 talsins sem koma til starfa á sama tíma.

Spurður um frekari uppbyggingu líka þeirri sem nú stendur yfir í Garði svarar Gunnar: „Við keyptum þrjár blokkir uppi á Ásbrú nýlega. En það dugur bara ekki til. Við þurfum að finna aðstöðu langt umfram það.“ En eins og Fréttablaðið sagði frá á haustmánuðum hafa flugþjónustufyrirtækin Airport Associates og IGS keypt fimm fjölbýlishús á



Markmiðið er að geta leigt allt að 80 starfsmönnum herbergi í húsnæðinu. Búið er að ráða 220 erlenda starfsmenn í nánast allar deildir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Við erum að ráða erlenda starfsmenn í nánast hverja einustu deild hjá okkur; hlaðmenn, í ræstingar, innritun, flugeldhús og lagerstarfsmenn.

Gunnar S. Olsen, framkvæmdastjóri IGS



Ásbrú, fyrrum svæði bandaríska varnarliðsins við Keflavíkurflugvöll, til að leysa húsnæðismál starfsfólks síns. Fjölgun starfsfólks hjá félögunum báðum á næstu árum verður leyst með því að fá starfskrafta að utan – sem er að sögn vandalaust.

Að mæta húsnæðisþörf þeirra þúsunda starfsmanna sem hingað munu koma til að vinna á Keflavíkurflugvelli er hins vegar flóknara viðfangsefni.

Jónína Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs í Garði, segir að húsnæðið sem um ræðir hafi staðið autt um nokkurt skeið, en fyrir um tveimur árum var byggð í Reykjanesbæ ný þjónustumiðstöð fyrir aldraða á Nesvöllum. Því var gamla dvalarheimilið selt; í það bærust nokkur tilboð en fyrirtækið Nesfiskur keypti og leigir nú áfram til IGS.

Jónína segir það mjög jákvætt að húsnæðið hafi fengið nýtt hlutverk, og ekki síst að svo stór hópur bætist við sveitarfélag sem telur rúmlega fimmtán hundruð manns í dag. svavar@frettabladid.is

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

NÝR SUBARU

ER ÖRUGGUR VALKOSTUR



Subaru XV BOXER, bensín, sjálfskiptur
Verð 4.850.000 kr.
Eyðsla 6,5 l/100 km*



SUBARU
Confidence in Motion

SUBARU LEVORG



Subaru Levorg bensín, sjálfskiptur
Með EyeSight öryggismyndavélum
Verð 5.190.000 kr.
Eyðsla 6,9 l/100 km*

 **EyeSight**
Driver Assist Technology

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og síteingt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sakar borgina um ógnarstjórn

Íbúar og Vesturbæjar-skóli gagnrýna áform um byggingu hótels og 70 íbúða á svokölluðum Byko-reit. Elisabet Jökulsdóttir segir stóra gjá milli borgarbúa og borgarstjórnar.

SKIPULAGSMÁL „Ég er búin að eyða hverri einustu krónu í að kaupa þetta hús, einstæð móðir með tvö börn, og á það loksins næstum skuldlaust. Þá dýnur þetta yfir,“ segir Elisabet Jökulsdóttir, einn margra Vesturbæinga sem gagnrýna áformað hótél og íbúðir á Byko-reitnum við Hringbraut.

Á reitnum verður heimilt að byggja 4.300 fermetra hótél og 70 íbúðir. Hótelid má vera fimm hæðir og íbúðarhúsin allt að fjórar hæðir og niður í tvær hæðir. Bilakjallari verður 4.100 fermetrar.

Reykjavíkurborg bærust athugasemdir frá íbúum, skólaráði Vesturbæjarskóla, fulltrúa foreldra, íbúasamtökum Vesturbæjar og húsfélagi Sólvallagötu. Þær lúta meðal annars að mengun, umferðarpunga, bílastæðaskorti og að rekstri hótels. Málið er enn til meðferðar.

„Hér munu margir íbúar verða fyrir tjóni ef ný hótélbygging verður samþykkt í stað íbúða því hún mun skapa ónæði, hækkan fasteignagjalda, fækkun nágranna og minni fjölbreytni,“ segja íbúasamtökin.

Elisabet, sem býr á Framnesvegi 56a, fast við Byko-reitinn, segist hafa heyrt að byrja eigi að sprengja fyrir bílakjallara í maí. „Mér skilst að það verði sprengingar hér í eitt eða tvö ár. Kannski þolir húsið þetta en ég ætla ekki að búa við þessar spreng-



Elisabet Jökulsdóttir segist munu sakna sjávarsýnarinnar sem hverfi henni bak við nýju húsin. „Maður sér þá ekki sólarlagið en auðvitað getur maður farið út úr húsinu og horft á sólarlagið á bekk niður frá með túristunum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ingar og neyðist til að flytja á meðan þetta stendur,“ segir hún.

Sameina má Byko-reitinn og lóðina undir húsi Elisabetar og lóðina við hlið hennar lóðar. Hún segir að þegar hún hafi farið til að kynna sér áformin hafi borgarstarfsmaður spurt hvort hún vildi ekki bara selja eiganda Byko-reitsins húsið sitt.

„Það er alltaf verið að segja við mig að selja og það er eins og enginn skilji að maður vilji bara eiga heimili sitt,“ segir Elisabet. Hún hafi sömu-leiðis fengið sérkennileg tilsvör á



Nýbyggingar á Byko-reit eiga að hækka á móti hringtorginu. MYND/PLÚSARKITEKTAR

Fær ekki aðgang að tölvugögnum

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur hafnað beiðni einstaklings um aðgang að samantekt um síma og tölvur sem fyrrverandi forsætisráðherra lét taka saman fyrir ríkisstjórnina. Úrskurðurinn var birtur í gær.

Það vakti athygli í september síðastliðnum þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson upplýsti að hann hefði látið rekstrarfélag stjórnarráðsins kanna hvort brotist hefði verið inn í tölvu hans. Meint innbrot átti að hafa átt sér stað skömmu áður en Panamaskjalabáttur Kastljóss var sýndur. –jóe

Hinn látni var sjálfboðaliði með börnum í Afríku

SLYS Íslenski pilturinn, sem fannst látinn í Höfðaborg í Suður-Afríku á sunnudag, var sjálfboðaliði hjá íslensku hjálparamtökunum Norður Suður þar í landi. Hann hélt utan ásamt vinum sínum í byrjun febrúar og átti að dvelja í landinu í mánuð.

Eins og fram kom í fréttum í gær fannst pilturinn látinn á sunnudagsmorgun. „Hinn 19 ára gamli Íslendingur hóf fjallgöngu með tveimur félögum sínum seinnipart laugardags. Á einhverjum tímapunkti ákvað hann að snúa við í stað þess að halda áfram upp fjallið. Það var í síðasta sinn sem hann sást á lífi,“ segir Johann Marais, talsmaður

björgunaraðgerða á svæðinu. Ezra October yfirvarðstjóri hjá lögreglunni í Höfðaborg segir lögregluna gruna að hann hafi orðið viðskila við hópinn sökum slæms veðurs.

Johann segir nokkuð ljóst að ungi maðurinn hafi fallið fram af bjargi. „Krufning mun leiða í ljós hvort hann lést samstundis eða einhverju eftir fallið. Það tók björgunarlið sex klukkustundir að koma piltinum niður af fjallinu.“ Lögreglan í Höfðaborg rannsakar nú aðdraganda andlátsins.

Eins og áður segir var pilturinn sjálfboðaliði í hjálparstarfi þar í landi. Samkvæmt heimasíðu Norður



Maðurinn var uppi á Table-fjalli þegar hann lést. MYND/JOHAN

Suður fá ungmennin, sem fara utan í hjálparstarfið, frí allar helgar til að ferðast um svæðið og slaka á. Hann og önnur íslensk ungmenni unnu meðal annars að því að koma upp grænmetisræktun við munaðarleysingjaheimili á svæðinu.

Frankvæmdastjóri og eigandi Norður Suður, Lilja Marteinsdóttir, vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að hugur hennar væri hjá aðstandendum piltins og að samtökin reyndu að aðstoða í málinu eftir fremsta megni.

Utanríkisráðuneytið aðstoðar einnig fjölskyldu piltins eftir því sem óskað er. –snæ

 SMÁRALIND

BRAGÐAREFUR
Í SMÁRALIND

SKEMMTUN FYRIR
KLÓKA KRAKKA

OPIÐ TIL 19 Í KVÖLD



OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárninn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspeglar sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi, Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

RAFDRIFIN FRAMSÆTI MEÐ MINNI
BAKKMYNDAVÉL
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
NÁLÆGÐARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN
NETTENDUR 9 TOMMU SNERTISKJÁR
VERÐ FRÁ 9.990.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC90 AWD

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfíringar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.


Brimborg

Bíldshöfða 6
110 Reykjavík

515 7000
volvocars.is

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI**



www.bilaland.is



Rnr. 370402

TOYOTA Yaris Active.
Nýskr. 01/15, ekinn 21 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 1.990 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 370425

RENAULT Clio Expression.
Nýskr. 03/15, ekinn 33 þ.km,
bensín, beinskíptur.

VERÐ 1.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370259

HONDA Civic Sport.
Nýskr. 02/16, ekinn 40 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 2.970 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 284147

PEUGEOT 5008.
Nýskr. 03/15, ekinn 53 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 2.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370384

RENAULT Megane Grand Scenic III.
Nýskr. 05/13, ekinn 68 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 2.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370254

HYUNDAI IX35 Comfort.
Nýskr. 04/15, ekinn 72 þ.km,
dísil, beinskíptur.

VERÐ 3.990 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1

bilaland

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Agop Manut er ellefu mánaða og alvarlega vannæður. NORDICPHOTOS/AFP

Lýsa yfir hungursneyð í Suður-Súdan

SUÐUR-SÚÐAN Hungursneyð hefur verið lýst yfir í Unity-ríki Suður-Súdans. Er það í fyrsta sinn í sex ár sem lýst er yfir hungursneyð í heiminum.

Ríkisstjórn landsins sem og Sameinuðu þjóðirnar greina frá því að um hundrað þúsund Suður-Súdanar séu við það að svelta. Þá séu milljónir á barmi hungursneyðar.

Góðgerðarsamtök á svæðinu og á heimsvísu hafa varað við því að hungursneyðin brjótist út fyrir

mörk ríkisins ef ekki verður skorist í leikinn. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) segir nærri fimm milljónir liða sáran skort.

Orsökina er sögð borgarastyrjöldin sem nú hefur staðið yfir í rúm þrjú ár og efnahagshrun sem landið hefur gengið í gegnum. Einnig hefur verið varað við hungursneyð í Jemen, Sómalíu og norðausturhluta Nígeríu undanfarn misseri en Suður-Súdan er fyrsta ríkið í þessum hópi til að lýsa form-

lega yfir hungursneyð. Áður hefur hungursneyð verið lýst yfir á svæðinu sem nú kallast Suður-Súdan. Það var árið 1998, áður en svæðið fékk sjálfstæði frá Súdan.

Hungursneyð er formlega lýst yfir þegar að minnsta kosti tuttugu prósent heimila liða sáran skort og geta lítið við því gert, vannæring hrjáir meira en þrjátíu prósent íbúa og fleiri en tveir af hverjum tíu þúsund deyja úr hungri á degi hverjum. – þea

Forsendur samninga brostnar að mati ASÍ

Ríkissáttasemjari telur að fram undan geti verið erfitt ár. Forseti ASÍ segir forsendur kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins brostnar. Sammála um að ákvörðun um launahækkun þingmanna og ráðherra hafi verið olía á eldinn.

KJARAMÁL Forsendur kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) eru í hættu og verða forsendur metnar í vikunni. Svo gæti farið að samningar opnast um mánaðamótin. Ríkissáttasemjari segir margar krefjandi samningaviðræður í farvatninu á þessu ári.

„Eins og staðan er í dag er forsendubresturinn augljós,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Í forsendum við gerð kjarasamningsins var rætt um laun annarra hópa, húsnæðisfrumvörp ríkisstjórnarinnar, að þau frumvörp ríkjanna til framkvæmda og að verðbólga héldist stöðug.“ Að mati Gylfa hafa laun annarra hópa, eins og alþingismanna og ráðherra, hækkað umfram það sem menn ætluðu. Þá hafi ekki verið staðið við aðgerðir í húsnæðismálum.

Heildarsamtök atvinnurekenda og launþegahreyfinga á almennum og opinberum markaði undirrituðu þann 27. október 2015 samkomulag um breytt vinnulag við gerð kjarasamninga. Samkomulagið náði þá til 70 prósent launþega og þótti tímamótaskrefi gerð kjarasamninga. Samkomulagið var afkrakstur vinnu svokallaðs SALEK-hóps en markmið hennar var að stuðla að stöðugri kaupmáttaraukningu sem byggðist á lágru verðbólgu, stöðugu gengi krónunnar og lágum vöxtum.

„Forsendunefnd ASÍ og SA hittist í vikunni og fer yfir þessar forsendur. Við þurfum síðan að skila niðurstöðu innan átta daga um hvort forsendurnar halda eða ekki. Verði niðurstaðan að forsendur séu brostnar

Og í haust renna út samningar við grunnskólakennara og skurðlækna og gerðardómur BHM rennur einnig út.

Bryndís Hlöðversdóttir, ríkissáttasemjari



27.

október 2015 var SALEK-samkomulagið undirritað.

Við þurfum síðan að skila niðurstöðu innan átta daga um hvort forsendurnar halda eða ekki.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



fer málið til samninganefndar ASÍ og næstu skref verða ákveðin,“ bætir Gylfi við.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir stöðuna óljósa en að málin skýrist í þessari

vikunni. „Við biðum niðurstöðu forsendunefndarinnar en á meðan er samningur í gildi. Úrskurður kjararáðs frá því í október er sannarlega ekki að hjálpa til enda ályktuðum við hjá SA harðlega gegn þeirri ákvörðun,“ segir Halldór Benjamín.

Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari segir 2017 geta orðið annarsamt ár hjá embættinu. Búið sé að klára tvo erfiða samninga á þessu ári, samninga sjómanna við útgerðina og kjarasamning Flugfreyjufélags Íslands við Flugfélag Íslands.

„Samningur Læknafélagsins rennur út í apríl og í haust renna út samningar við grunnskólakennara og skurðlækna og gerðardómur BHM rennur einnig út. Þetta voru allt nokkuð erfiðar samningalotur,“ segir Bryndís. „Þó að þessi mál séu ekki komin á mitt borð er ég farin að undirbúa komu þeirra.“

Bæði Halldór Benjamín og Gylfi voru sammála um að SALEK-samkomulagið væri ekki af borðinu en í ákveðinni biðstöðu. Vildi Halldór Benjamín leggja áherslu á að markmiðið væri að allir aðilar þyrftu að vera tilbúnir að sigla skútunni í sömu áttina. Á meðan sá skilningur væri ekki fyrir hendi væri samkomulagið í biðstöðu. Gylfi sagði markmið SALEK-samkomulagsins vera að tryggja kaupmátt launa. „Á meðan þingmenn og ráðherrar fá síðan gríðarlegar launahækkanir geta þeir ekki með nokkru móti talað fyrir því að aðrir hópar þurfi að sýna ráðdeild og tempera launahækkanir annarra hópa,“ segir Gylfi. sveinn@frettabladid.is



MARKAÐSRÁÐSTEFNA Í KALDALÓNI HÖRPU **24. FEBRÚAR**

AUGLÝSINGAR Í SÝNDARVERULEIKA

360° SÝN Á FRAMTÍÐ MARKAÐSEFNIS

Flest bendir til þess að sýndarveruleikatæknin muni innan tíðar umbylta okkar daglega lífi; allt frá því hvernig við eigum í daglegum samskiptum, til almennrar dægrastyttingar, líkamsræktar, náms og því hvernig við upplifum auglýsingar og markaðsefni. En hvar liggja tækifærin og hvað ber að varast?

HVERNIG LÍTUR ÞITT FYRIRTÆKI ÚT Í SÝNDARVERULEIKA?

JOSHUA HIRSCH

„Global Director of Creative Technology“ hjá TBWA.

Joshua Hirsch hefur verið nefndur af Adweek sem einn af 10 áhrifamestu tæknisérfræðingunum í auglýsingabransanum.



STEFANÍA G. HALLDÓRSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri CCP á Íslandi



THOR GUNNARSSON

Einn af stofnendum Sólfars



TRISTAN ELIZABETH GRIBBIN

Ein af stofnendum FLOW VR



SIGURÐUR ÁSGEIR ÁRNASON

Framkvæmdastjóri Drexler

DAGSKRÁ FRÁ KL. 8.30 – 12.00. HÚSIÐ OPNAR KL. 8.00.

MIÐASALA Á harpa.is og tix.is

Ríkisstjórnin beitir sér fyrir upptöku nýrra lyfja

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum fyrir helgi að tryggja upptöku nýrra lyfja á þessu ári en ekki eru til peningar fyrir því í fjárlögum þessa árs. Formaður Krafts fagnar þessum breytingum.

Forstjóri LSH, fulltrúi Sjúkra-trygginga og formaður lyfjagreiðslu-nefndar ríkisins áttu fund með ráðherra um miðjan janúar þar sem þeir gerðu honum skýrt grein fyrir stöðunni. Ekki væru til peningar til að taka ný lyf í notkun. Fréttablaðið greindi svo frá því í síðustu viku að fjármagn væri ekki til skiptanna.

Frá árinu 2013 hafa Norðurlöndin tekið í notkun mun fleiri krabbameinslyf en við Íslendingar. Til að mynda hafa Norðmenn tekið þrefalt fleiri lyf í notkun en Ísland.

„Guð láti gott á vita, eru fyrstu viðbrögð okkar hjá Krafti við þessum tíðindum,“ sagði Ragnheiður Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt

Við eigum þó eftir að sjá þessa auknu fjárveitingu í höfn og því fagna ég varlega enn sem komið er.

Ragnheiður Davíðsdóttir framkvæmdastjóri Krafts



fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

„Með þessu útspli fer Björt framtið langt með að efna kosningaloford sitt sem var á þá leið að flokkurinn myndi ekki láta það gerast á sinni vakt að krabbameinssjúkt fólk fengi ekki bestu lyf sem völ væri á. Við eigum þó eftir að sjá þessa auknu fjárveitingu í höfn og því fagna ég varlega enn sem komið er.“ – sa

Yfirheyrslur ekki á döfnni

LÖGREGLUMÁL Þrír menn innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vinna nú að því að klára rannsóknina á hvarfi og andláti Birnu Brjánsdóttur. Niðurstöður úr rannsóknum á lífsýnum eru teknar að berast frá Svíþjóð, þar sem þau hafa verið til rannsóknar í rúman mánuð. Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar, vill ekki gefa upp hvort niðurstöðurnar styðji útgangspunkt rannsóknarinnar. Þá vill hann ekki gefa upp hvers eðlis sýnin eru.

Rúmar fimm vikur eru síðan Birna Brjánsdóttir hvarf. Grímur segir að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um að yfirheyrja manninn, sem grunaður er um að hafa banað henni, neitt frekar. Maðurinn hefur setið í einangrun á Litla-Hrauni frá 19. janúar. „Það eina sem ég hef viljað segja varðandi yfirheyrslurnar er að það liggur ekki fyrir játning.“

Við erum að vinna í því að ljúka rannsókn. Það er verið að safna öllum gögnum sem tilheyrja málinu, meðal annars því sem eftir er að fá af niðurstöðum úr sýnum. Þegar slíkt liggur fyrir þarf að yfirheyrja og kynna niðurstöður eftir atvikum.



Grímur Grímsson á blaðamannafundi vegna máls Birnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðan þarf bara að skrifa greinargerð í málinu,“ segir Grímur. Hann áætlað að nokkrar vikur séu þar til lögregla sendi rannsóknina áfram til héraðs-saksóknara sem tekur ákvörðun um ákæru.

Í gær staðfesti Hæstiréttur áframhaldandi gæsluvarðhald yfir hinum grunaða. – snæ



Mike Pence og Donald Tusk á fundinum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Varaforsetinn heitir stuðningi við ESB

Háttsettir embættismenn innan Evrópusambandsins fagna ummælum varaforseta Bandaríkjanna sem hvatti til áframhaldandi samvinnu. Ummælin slógu á ötta sem myndaðist þegar Donald Trump hvatti Breta til að yfirgefa ESB.

BELGÍA Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, segir Bandaríkin vilja stuðla að samvinnu og samkennd milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Þetta sagði Pence í ræðu sinni á fundi í höfuðstöðvum ESB í Brussel, höfuðborg Belgíu. BBC greinir frá því að með þessu vilji Pence róa embættismenn ESB sem óttuðust um samband stórveldanna eftir ummæli Donalds Trump Bandaríkjaforseta um sambandið.

„Í dag nýt ég þeirra forréttinda að fá fyrir hönd forsetans að tilkynna ykkur um skuldbindingu Bandaríkjanna til samvinnu við Evrópusambandið,“ sagði Pence.

„Þótt við kunnum að vera ósamála deila álfur okkar arfleifð, gildum og þeim tilgangi að stuðla að friði og frelsi, lýðræði, lögum og reglu. Að þessum markmiðum munum við áfram vinna,“ sagði varaforsetinn enn fremur.

Donald Tusk, forseti leiðtoga ráðs

Í dag nýt ég þeirra forréttinda að fá fyrir hönd forsetans að tilkynna ykkur um skuldbindingu Bandaríkjanna til samvinnu við Evrópusambandið.

ESB, sagði á fundinum að Evrópusambandið treysti á ótvíræðan stuðning Bandaríkjanna. „Eftir að hafa heyrt svona jákvæða yfirlýsingu verða jafnt Evrópubúar sem Bandaríkjamenn að láta verkin tala.“

Tusk vísaði til þess að stuðningur Bandaríkjanna hefði oft reynst mikilvægur. Vísaði hann til þess er Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna á níunda áratugnum, studdi Pólverja sem þá bjuggu við herlög sem ríkisstjórnin hafði sett.

Aðrir embættismenn ESB tóku

í sama streng og sögðu ummæli Pence hafa orðið til þess að endurvefja trú á áframhaldandi samstarfi við Bandaríkin. Reuters greinir frá því að þeir séu þó efins um að hversu miklu leyti Pence tali í raun máli forsetans. Pence hafi þó komið vel fyrir.

Á undanförunum mánuðum, einkum í kosningabaráttu sinni á síðasta ári, urðu ummæli Trumps um ESB til að stýggja háttsetta embættismenn innan sambandsins. Til að mynda þegar hann hvatti Breta til að yfirgefa sambandið og fagnaði svo útkomunni þegar Bretar kusu um að gera það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ummæli Trumps um að Atlantshafsbandalagið væri úrelt í núverandi mynd bættu ekki úr skák.

Pence vísaði einnig til þess á fundinum í gær að Bandaríkin hygðust halda skuldbindingar sínar við Atlantshafsbandalagið.

thorgnyr@frettabladid.is



HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum - hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).

Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og aksturseginnleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálfu eða erfiðu færi.

Volkswagen Caddy kostar frá

2.550.000 kr.

(2.056.452 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Salatbar

alltaf ferskur



Pasta og núðlur:

- Rautt pasta
- Hvítlauks pasta
- Villisveppa pasta
- Pasta með sólþurrkuðum tómötum
- Basilpestó pasta
- Núðlur í súrsætri sósu

Salat:

- Spínat

- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat
- Romain salat

Grænmeti:

- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál

- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asíublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

Prótein:

- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon

- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Landspítalinn er ekki elliheimili



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Griðarlegt framboð hefur verið af fréttum af rekstrar- og húsnæðisvanda Landspítalans á síðustu árum. Það sem hefur hins vegar vantað er að þessi vandamál spítalans séu sett í samhengi. Til dæmis hvernig aukinn ferðamannastraumur hefur bitnað á rekstri spítalans, hvernig breytt aldurs-samsetning þjóðarinnar hefur haft áhrif á hann og svo framvegis.

Stjórnendur Landspítalans eru loksins byrjaðir að viðurkenna að rekstrarvandi spítalans er tilkominn vegna þess að spítalinn er ekki bara hátæknisjúkrahús því hann er á margan hátt einnig rekinn eins og hjúkrunarheimili. Spítalinn getur ekki útskrifað sjúklinga því ekki eru úrræði annars staðar í heilbrigðiskerfinu fyrir þá sem búinir eru að fá meðhöndlun inni á sjúkrahúsinu en geta ekki farið heim til sín. Þetta er kjarni þess sem kallað hefur verið „fráflæðisvandi“ Landspítalans.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga hjá Landspítalanum, fór yfir þetta í viðtali á Stöð 2 hinn 4. febrúar. „Aðalástæðan fyrir því að við erum í þessum vanda er að allt árið eru fimmtíu til hundrað manns hjá okkur sem hafa lokið meðferð og eiga í sjálfu sér ekki að vera á spítalanum. Það þarf að bæta meðferðina fyrir þetta fólk. Mest er þetta aldrað fólk og það er skömm að því að heilbrigðiskerfið skuli ekki sinna þessu sómafolki betur en gert er í dag,“ sagði Ólafur. Setja verður aukna fjárför Landspítalans í samhengi við þetta. Ríkisvaldið hefur vanrækt að byggja ný hjúkrunarheimili fyrir aldraða í réttu hlutfalli við eftirspurn. Landspítalinn hefur haldið áfram að þjónusta þessa skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins eftir að eiginlegri meðferð lýkur því engin úrræði eru fyrir þá annars staðar í kerfinu.

Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum hafa lengst um 25 prósent á síðustu sjö árum. Í lok árs 2015 biðu um 400 manns eftir hjúkrunarheimili og um fjórðungur þess hóps lá inni á Landspítalanum. Vandamál tengd skorti á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða eiga bara eftir að aukast á næstu árum vegna hækkandi lífaldurs þjóðarinnar. Þau munu ná hámarki þegar „baby boomer“ kynslóðin fer á eftirlaunaaldur.

Breytt aldurs-samsetning þjóðarinnar mun hafa griðarleg áhrif á alla innviði íslensks samfélags hvort sem titið er til heilbrigðisþjónustu, lífeyriskerfis eða fjárfestingarþarfar vegna byggingar hjúkrunar- og öldrunarheimila. Á næsta áratug eru mjög stórir hópar fólks að setjast í helgan stein hér á landi og samhliða mun eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu aukast mikið. Af þessu leiðir að „fráflæðisvandinn“ sem Landspítalinn glímur við í dag mun bara aukast og óbreyttu. Auknar fjárveitingar til spítalans munu þá hrökkva skammt ef ekki verður tekið á rót vandans samhliða þeim.



Breytt aldurs-samsetning þjóðarinnar mun hafa griðarleg áhrif á alla innviði íslensks samfélags hvort sem titið er til heilbrigðisþjónustu, lífeyriskerfis eða fjárfestingarþarfar vegna byggingar hjúkrunar- og öldrunarheimila.

Halldór



Frá degi til dags

Brauð vinstri manna
Vintri græn mælast enn þá stærri en Sjálfstæðisflokkurinn, samkvæmt nýrri könnun MMR. Flokkurinn mælist með 27 prósent samanborið við 24,4 prósent fylgi Sjálfstæðisflokksins. Það má segja að VG sé að toppa á kolröngum tíma enda heillangt eftir af kjörtímabilinu. Það vekur líka athygli að á meðan fylgið eykst hafa Vinstri græn ekki verið mjög áberandi í þjóðfélagsmæðunni. Fylgi VG tók að hækka þegar Panama-hneykslið kom upp síðastliðið vor. Svo virðist sem Vinstri græn geti stólað á að þegar aðrir eigi í vandræðum gangi þeim hvað best, óháð frammistöðu þeirra. Eins manns vesen er vinstrimanna brauð.

Vandi sósíaldemókrata
Þegar Samfylkingunni gekk sem verst sögðu sérfræðingar að vandinn væri fjarlægð frá verkalyðnum og of mikið dekur við „mýkri mál“ á borð við jafnréttismál og umhverfismál. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var í gær kjörin formaður Íslandsdeildar NATO og nýtti daginn til að spyrja Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, hvernig gengi að framfylgja jafnréttisáætlun sambandsins. Áslaug þarf þó ekki að hafa áhyggjur af því að flokkurinn fái yfir sig bölvun evrópskra sósíaldemókrata því nýr dómsmálaráðherra, stendur sig rækilega í stykkinu við að passa að hvers konar jafnréttisdekrí sé svarað fullum hálsi. snaeros@frettabladid.is

Endurskoðun peningastefnu óvissuferð



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri hjá Kviku banka og fyrrverandi varaformaður framkvæmdahóps um losun hafta



Ráðast þarf að rötum vandans. Þannig verður að vinna gegn háum raunvöxtum en ekki gjaldmiðlinum sjálfum.

Það er ekki lögmál að raunvextir á Íslandi séu hærrí lengi. Markmiði ríkisstjórnarinnar um endurskoðun peningastefnu er fagnað enda hefur legið fyrir að hún færi fram þegar fjármagnshöft væru losuð. Breytt efnahagslandslag kallar einnig á slíka endurskoðun en ferðþjónusta er nú mikilvæg stöð í hagkerfinu og ein af ástæðum þess að krónan hefur styrkst umtalsvert. Til að skapa stöðugleika þarf að styrkja umgjörð krónunnar, sem hefur í gegnum tíðina verið birtingarmynd óstöðugleika í efnahagslífinu en ekki ástæða hans.

Hugmyndin að baki hávaxtastefnunnar er sú, að háir vextir slái á eftirspurn í hagkerfinu, sporni þannig gegn verðbólgu og hvetji til sparnaðar. Hins vegar laða háir vextir erlent fjármagn til landsins og letja landsmenn til erlendra fjárfestinga. Við núverandi aðstæður styrkist krónan og afkoma útflutningsgreina versnar. Styrking krónu auðveldar Seðlabankanum tímabundið að ná markmiðum sínum um lága verðbólgu enda lækkar verð á innfluttum vörum með sterkri krónu. Hins vegar hafa hávaxtamýntir tilhneigingu til þess að styrkjast yfir lengri tímabil en veikjast svo skyndilega. Dæmið snýst þá við og verðbólga skýtur upp kollinum með tilheyrandi skelli fyrir heimilin í landinu, sem eru að mestu leyti með verðtrygðar skuldir. Allir finna fyrir slíkum samdrætti.

Ráðast þarf að rötum vandans. Þannig verður að vinna gegn háum raunvöxtum en ekki gjaldmiðlinum sjálfum til að eyða ójafnvæginu sem skapast með reglulegu milli-bili á Íslandi og leiðir til efnahagsfalla. Endurskoðun peningastefnu þarf að taka tillit til þessa eigi hún að vera trúverðug.

Viðtæk samstaða virðist ríkja milli stjórnmalaflokka og Seðlabankans um nauðsyn þess að endurskoða peningastefnuna. Hins vegar ríkir engin samstaða um málið efnislega þar sem sjónarmiðin eru allt frá því að adhyllast upptöku annarrar myntar yfir í sjálfstæða peningastefnu með íslensku krónunni og allt þar á milli. Ef áfangastaðurinn liggur ekki fyrir missir ferðalagið marks.

FERMINGARTILBOÐ

20%
AFSLÁTTUR!

ROYAL CORINNA

Stærð: 120x200 cm

7.170 kr. Á MÁNUÐI*

Fullt verð 98.036 kr.

FERMINGARTILBOÐ 78.429 kr.

Stærð: 150x200 cm

9.004 kr. Á MÁNUÐI*

Fullt verð 124.620 kr.

FERMINGARTILBOÐ 99.696 kr.

rekkjan

HEILSURÚM

Um óháða rannsókn á plastbarkamálinu



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Páll Matthiasson
forstjóri Landspítala

í Svíþjóð, þar á meðal lögreglurannsókn. Landspítali og Háskóli Íslands studdu rannsóknir þessar frá upphafi og lögðu til þeirra öll þau gögn sem óskað var eftir.

Viðamestu rannsóknunum er nú lokið í Svíþjóð. Þær voru gerðar af sjálfstæðum ytri rannsóknarnefndum, skipuðum af KI annars vegar og KS hins vegar. Niðurstöðurnar fólu í sér alvarlegan áfellingisdóm á vinnulag innan stofnananna.

Háskólinn og Landspítalinn sinna lögboðnu eftirliti

Þessar rannsóknir hafa eðli máls samkvæmt sérstaklega beinst að klínískum og vísindalegum ferlum í Svíþjóð. Jafnvel þó að fram hafi komið af hálfu sænsku rannsóknaraðilanna að aðeins takmarkaður hluti málsins tengist íslenskum stofnunum, er það sameiginleg afstaða okkar að brýnt sé að rannsaka sérstaklega þá þætti málsins sem snúa að Háskóla Íslands og Landspítala. Jafnframt er það ábyrgðarhlutverk okkar að hlutast til um slíka rannsókn vegna skyldna til innra eftirlits sem á forstöðumönnum Háskóla Íslands og Landspítala hvíla samkvæmt lögum um opinbera háskóla og lögum um heilbrigðisþjónustu.

Hér er þó rétt að áréttta að gæðaeftirlit með heilbrigðisþjónustu er tvíþætt og ytra eftirlit er í höndum Embættis landlæknis (á grundvelli VI. kafla laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu). Þá fer heilbrigðisráðherra einnig með eftirlit með Landspítala (og mennta- og menn-



Af hálfu Háskóla Íslands og Landspítala er lögð áhersla á að rannsóknarnefndin er skipuð óháðum sérfræðingum sem hafa fullt sjálffræði um rannsóknina.

ingarmálaráðherra með eftirlit með Háskóla Íslands) í skjóli yfirstjórnunarheimilda samkvæmt stjórnarskrá og 14. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Loks getur Alþingi sett sérstaka rannsóknarnefnd á fót til að rannsaka málið. Slíkar rannsóknir, ef út í slíkt er farið, aflétta þó ekki skyldum af Landspítala og Háskóla Íslands að sinna lögboðnu innra eftirliti. Á sama hátt útilokar rannsókn óháðrar rannsóknarnefndar Landspítala og Háskóla Íslands heldur ekki mögulega rannsókn framangreindra aðila á málinu.

Landspítali og Háskóli Íslands hafa valið sambærilega leið og stofnanirnar í Svíþjóð. Haustið 2016 var skipuð sjálfstæð ytri rannsóknarnefnd til að fjalla um þá þætti málsins sem snúa að Háskóla Íslands og Landspítala. Rannsóknarnefndina skipa Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, María Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum við réttargeðdeildina í Dikemark í Noregi, og Georg Bjarnason, krabbameinslæknir og vísindamaður við Sunnybrook-stofnunina í Toronto



í Kanada. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að veita álit sitt á því hvort ákvarðanir íslenskra heilbrigðisstarfsmanna í tengslum við plastbarkagræðsluna hafi verið í samræmi við lög, reglur og verkferla og uppfylli þær gæðakröfur sem gerðar eru til sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu samkvæmt íslenskum lögum. Einnig er hlutverk nefndarinnar að rannsaka lagalegan og siðferðilegan grundvöll fyrir þátttöku íslenskra lækna í birtingu vísindagreinar um efnið auk málþings um málið sem haldið var ári eftir að fyrstu aðgerðinni lauk. Þá skal nefndin rýna niðurstöður sænsku rannsóknanna sérstaklega með tilliti til aðkomu íslenskra stofnana og/ eða starfsmanna þeirra að málinu og ræða við skýrsluhöfunda.

Rannsóknarnefnd skipuð óháðum sérfræðingum
Af hálfu Háskóla Íslands og Land-

spítala er lögð áhersla á að rannsóknarnefndin er skipuð óháðum sérfræðingum sem hafa fullt sjálffræði um rannsóknina. Er þetta tilgreint sérstaklega í skipunarbréfi nefndarinnar, þar sem árétttað er að þeir lúti ekki stjórnunar- eða boðvaldi rektors Háskóla Íslands eða forstjóra Landspítala í störfum sínum. Nefndinni hefur verið tryggður nauðsynlegur aðgangur að gögnum málsins með sérstöku leyfi Persónuverndar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir lok maí nk. og verða niðurstöðurnar birtar eftir því sem lög og skilyrði Persónuverndar heimila. Aðgerðir stofnananna í framhaldi af skýrslunni munu fara eftir því sem niðurstöðurnar gefa tilefni til.

Undirritaðir binda vonir við að vönduð rannsókn málsins, hér á landi og í Svíþjóð, varpi ljósi á málið í heild sinni þannig að draga megji að því sem bestan lærdóm.

Straumhvörf

5 ára ábyrgð

Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

Tengiltvinnbíllinn Audi A3 e-tron hefur átt mikilli velgengni að fagna. Hann var valinn besti rafbíll ársins 2015 af What Car? og er með fimm stjörnur í árekstrar- og öryggisprófunum hjá Euro NCAP. 50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri samþættingu rafdrifs og sparneyttinnar bensínveilar er samanlögð heildardrægni allt að 940 km.

Verð frá 4.860.000 kr.

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

Fljótari en aðrir að ná hundrað sigrum

Sunnudagskvöldið var sannkallað tímamótakvöld fyrir Finn Frey Stefánsson, þjálfara KR-inga, en hann vann þá sinn hundraðasta leik sem þjálfari á Íslandsmóti karla. Hann varð um leið sigursælasti þjálfari KR frá upphafi í úrvalsdeild og bætti met Benedikts og Inga.

KÖRFUBOLTI Þjálfaraferill Finns Freys Stefánssonar er fyrir löngu orðinn einstakur í sögu úrvalsdeilda karla í körfubolta og Finnur var enn á ný á undan öllum öðrum þjálfurum í sigri KR á ÍR í DHL-höllinni á sunnudagskvöldið.

Hundraðasti sigur Finns Freys Stefánssonar sem þjálfari í úrvalsdeild karla kom í leik númer 119 og bætti Finnur því metið um tíu leiki. 73 sigrana hafa komið í deildarleikjum en 27 þeirra í úrslitakeppni.

Gunnar átti metið í 26 ár

Gunnar Þorvarðarson, faðir Loga Gunnarssonar í Njarðvík, var búinn að eiga metið frá 1991 eða í meira en aldarfjórðung. Gunnar vann sinn hundraðasta sigur sem þjálfari á Íslandsmóti í leik númer 129. Þremur árum síðar var Jón Kr. Gíslason aðeins einum leik frá því að jafna metið en síðan hefur enginn ógnað því af þeim þjálfurum sem hafa stýrt liðum sínum til sigurs í hundrað leikjum á Íslandsmóti.

Þetta var ekki eini listinn þar sem Finnur kom sér vel fyrir í toppsætinu með sigrinum í fyrrakvöld. Hann tók einnig met af tveimur gömlum KR-þjálfurum sem eru núna að þjálfra önnur lið í Domino's deildinni.

Voru þeir jafnir með 72 sigra

Jafnaldrarnir og vinirnir Benedikt Guðmundsson og Ingi Þór Steinþórsson eru ekki lengur þeir þjálfarar sem hafa stýrt KR oftast til sigurs í úrvalsdeild karla. Finnur Frey fékk tækifærið til að bæta metið í leik á móti Benedikt Guðmundssyni á Akureyri á föstudagskvöldið en Benedikt varði metið í tvo daga í viðbót. Þá voru þeir félagar Finnur, Ingi og Benedikt allir jafnir með 72 sigra hver sem þjálfarar KR í deildarkeppni. Metið kom hins vegar í hús eftir öruggan sigur á ÍR.

Finnur fékk vissulega frábæran mannskap í hendurnar þegar hann tók við í Vesturbænum en það hafa margir fallið á slíku prófi þótt þeir væru með allt til alls innan síns liðs. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Finnur staðist þá miklu pressu sem fylgir því að þjálfra KR-liðið.

Velgengni KR-inga undir stjórn



Finnur Frey Stefánsson fagnar hér áttunda stóra titlinum sem hann vinnur sem þjálfari KR með ungum KR-ingum. Hann hefur unnið þrjá Íslandsmeistararitla, tvo bikarmeistararitla og þrjá deildarmeistararitla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ MARINÓ

Finns Freys Stefánssonar hefur verið alveg einstök. Íslandsmeistararitlar á öllum þremur tímabilunum og bikarmeistararitlar undanfarin tvö tímabil. KR-liðið hefur nú unnið sex stóra titla í röð eða alla frá því að liðið tapaði í bikarúrslitaleiknum 2015.

Tveir titlar til viðbótar gætu verið á leiðinni í vor, fyrst deildarmeistararitilinn og svo fjórði Íslandsmeistararitillinn í röð. Það stýttist í úrslitakeppni þar sem KR hefur enn ekki tapað einvígi undir stjórn Finns.

Finnur Frey hefur sjálfur gagnrýnt spilamennskuna í upphafi ársins 2017 en KR hefur engu að síður unnið 9 af 10 leikjum í deild og bikarkeppni og tryggt sér bikarmeistararitil á fyrstu sjö vikunum.

19-0

KR hefur aldrei tapað tveimur leikjum í röð undir stjórn Finns á Íslandsmóti.

Það er því ekkert skrytið að önnur lið óttist KR fari leikmenn liðsins að skipta í meistaragirinn á lokaspretti tímabilsins. Í þeim gir hefur nefnilega enginn stoppað þá undanfarin fjögur ár.

ooj@frettabladid.is

Fljótastir í 100 sigra í sögu úrvalsdeilda karla

(Sigrar í deild og úrslitakeppni)

Finnur Frey Stefánsson varð í fyrrakvöld þrettándi þjálfarinn sem vinnur hundrað leiki á Íslandsmóti karla í körfubolta síðan úrvalsdeildin var stofnuð 1978. Hér fyrir neðan má sjá í hvaða leik hundraðasti sigurinn kom í hús.

Finnur Frey Stefánsson	119. leik
Gunnar Þorvarðarson	129. leik
Jón Kr. Gíslason	130. leik
Sigurður Ingimundarson	140. leik
Friðrik Ingi Rúnarsson	147. leik
Friðrik Ragnarsson	153. leik
Ingi Þór Steinþórsson	158. leik
Teitur Örylgsson	161. leik
Benedikt Guðmundsson	163. leik
Einar Árni Jóhannsson	167. leik
Valur Ingimundarson	168. leik
Ívar Ásgrímsson	192. leik
Hrafn Kristjánsson	213. leik

Flestir sigrar þjálfara KR í úrvalsdeild 1978-2017

(Leikir í deildarkeppni)

Finnur Frey Stefánsson	73
Benedikt Guðmundsson	72
Ingi Þór Steinþórsson	72
Laszlo Nemeth	54
Jón Sigurðsson	40
Gunnar Gunnarsson	36
Páll Kolbeinsson	35
Hrafn Kristjánsson	31
Birgir Guðbjörnsson	26
Herbert Arnarson	26
Axel Nikulásson	22
Stewart Johnson	15
Keith Vassell	14

Flestir sigrar þjálfara KR í úrslitakeppni 1984-2016

Finnur Frey Stefánsson	27
Benedikt Guðmundsson	18
Ingi Þór Steinþórsson	13
Hrafn Kristjánsson	11
Laszlo Nemeth	8
Jón Sigurðsson	6
Páll Kolbeinsson	4
Herbert Arnarson	4

Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



Radamel Falcao er byrjaður að raða inn mörkum á nýjan leik. NORDICPHOTOS/GETTY

Fálkinn nær flugi á ný

FÓTBOLTI Radamel Falcao og félagar hans í Monaco eru mættir til Manchester þar sem þeir mæta Manchester City í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld.

Falcao þekkir staðhætti í borginni en hann lék sem lánsmaður með erkifjendum City, Manchester United, tímabilið 2014-15. Kólumbíumaðurinn átti ekkert sérstöku gengi að fagna hjá United, gekk illa að festa sig í sessi og skoraði aðeins fjögur mörk í 29 leikjum. Tímabilið á eftir fór Falcao til Chelsea og þar gekk enn verr.

Nú er öldin önnur. Falcao er farinn að skora aftur og minnir á gamla Falcao sem var einn beittasti framherjinn í bransanum áður en hann sleit krossbönd í hné í byrjun árs 2014. Þau meiðslu rændu hann HM í Brasilíu og virtust hafa rænt hann ferlinum.

Falcao er hins vegar leikmaður

endurfæddur og fer fyrir einu skemmtilegasta sóknarliði Evrópu. Monaco hefur farið á kostum í frönsku úrvalsdeildinni í vetur; liðið er með þriggja stiga forskot á toppnum og búið að skora 76 mörk í 26 leikjum, eða næstum því þrjú mörk að meðaltali í leik. Falcao hefur gert 16 af þessum 76 mörkum Monaco.

Í kvöld mæta Falcao og félagar á Etihad-völlinn og iða væntanlega í skinninu að hrella City-vörnina sem er langt frá því að vera sú sterkasta. Og Pep Guardiola, knattspyrnustjóri City, er meðvitaður um hættuna sem stafar af Monaco.

„Þeir eru með heilsteypt lið og það fremsta í Evrópu þegar kemur að því að skora mörk. Þetta verður erfið viðureign en við hlökkum til,“ sagði Guardiola á blaðamannafundi fyrir leikinn sem hefst klukkan 19:45. Á sama tíma hefst leikur Bayer Leverkusen og Atlético Madrid, sílfurlíðsins frá því í fyrra. – **íps**

Nýjast

Domino's-deild karla

Tindastóll - Stjarnan 92-69

Stigahæstir: Viðar Ágústsson 22, Antonio Hester 22/10 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 21/13 fráköst/5 stolnir - Anthony Odunsi 22/9 fráköst, Marvin Valdimarsson 18.

Efri	Neðri		
KR	28	Þór Ak.	18
Tindastóll	26	Njarðvík	18
Stjarnan	26	ÍR	16
Þór Þ.	20	Skallagrím.	14
Grindavík	20	Haukar	12
Keflavík	18	Snæfell	0

Enska bikarkeppnin

Sutton - Arsenal 0-2

0-1 Lucas Pérez (27.), 0-2 Theo Walcott (55.).

BIRKIR BÍÐUR ENN

Birkir Bjarnason var í byrjunarliði Aston Villa

sem tapaði 2-0 fyrir Newcastle United á útivelli í gær. Þetta var fimmta tap Villa í röð en liðið hefur tapað öllum leikjunum sem íslenski landsliðsmaðurinn hefur spilað fyrir það síðan hann kom frá Basel í janúar.



Í dag

19.30 Meistaradeildarm.	Sport
19.40 Leverkusen - Atletico	Sport
19.40 Man. City - Monaco	Sport 2
21.45 Meistaradeildarm.	Sport

SA óska eftir umsóknum frá hæfum einstaklingum til að taka að sér stjórnarstörf í lífeyrissjóðum

Samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ skipa samtökin helming stjórnarmanna í þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningsviði aðila og er framkvæmdastjórn SA falin tilnefning stjórnarmanna.

Samkvæmt reglum sem gilda frá janúar 2017 skulu SA óska með áberandi hætti eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða aðildarsamtökum SA, gefi kost á sér til starfa í stjórnnum lífeyrissjóða. Leitað er eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. á lífeyrismálum, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshaldi, lögfræðilegum málefnum og fjármálamarkaði. Úr þeim hópi sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa verða tilnefndir þeir sem metnir eru hæfastir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.


Sérstök hæfisnefnd fjallar um einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Nefndin leggur mat á þekkingu og reynslu umsækjenda með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn sem heild búi yfir. Að mati loknu leggur hæfisnefndin tillögu fyrir framkvæmdastjórn SA.

Umsóknir sendist í tölvupósti á stjornarseta@sa.is

Um er að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði:

Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður

Samtök atvinnulífsins | Borgartúni 35 | 105 Reykjavík | Sími: 591 0000 | sa.is



Opinn íbúafundur

Íbúafundur um málefni Breiðholts

Borgarstjórinn í Reykjavík boðar til opins íbúafundar um fyrirhugaða uppbyggingu í Breiðholti. Fundurinn verður haldinn í Gerðubergi fimmtudaginn 23. febrúar kl. 20.00.

Gefin verður heildarmynd af hverfinu og áherslur í aðalskipulagi, en sjónum verður síðan sérstaklega beint að uppbyggingu í Suður-Mjódd og deiliskipulagsvinnu sem þar er í gangi, hugmyndum um uppbyggingu í Norður-Mjódd og við Stekkjarbakka. Í tengslum við uppbyggingu í Suður-Mjódd mun borgarstjóri fara yfir samning við ÍR og kynna samráðshópa sem borgarráð hefur samþykkt að stofna um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti.

Eftir kynningu gefst fundargestum kostur á að bera upp fyrirspurnir.



Merkisatburðir

1599 Svokölluð Leikmannabiblíja er gefin út á Hólum í Hjaltadal. Nú eru aðeins til tvö eintök af henni í heiminum, annað á Íslandi og hitt í Íþöku í Bandaríkjunum.

1630 Jarðskjálftar hefjast á Suðurlandi og valda nokkru tjóni.

1848 Kommúnistaávarpið eftir Karl Marx og Friedrich Engels kemur út.

1878 Fyrsta símaskráin er gefin út í New Haven í Connecticut í Bandaríkjunum.

1895 Kvennablaðið kemur út í fyrsta sinn. Ritstjóri þess er Briet Bjarnhéðinsdóttir.

1945 Fimmtán manns farast er Dettifossi, skipi Eimskipafélags Íslands, er grandað af þýskum kaþbáti norður af Írlandi. Þrjátíu manns er bjargað.



Briet Bjarnhéðinsdóttir.



Melkorka þekkir vel glímuna við að koma efni bókar yfir á leiksvið.

Leikgerðir sagna á sviði

Hvernig ferðast skáldsaga frá blaðsíðum bókar yfir á leiksvið? Um það spjallar Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur í Bókakaffi Gerðubergs annað kvöld.

Ég ætla að byrja á að fjalla um leikgerðir í víðu samhengi, svo skoða ég leikgerðir í íslensku leikhúsi á undanförunum árum og sný mér svo að þremur leikgerðum sem nýlega hafa verið sýndar í Þjóðleikhúsinu, Djöflaeyjunni, Maður sem heitir Ove og Gott fólk. Þannig lýsir Melkorka Tekla Ólafsdóttir því efni sem hún ætlar að tefla fram á bókakaffi í Menningarhúsinu Gerðubergi annað kvöld, 22. febrúar.

Melkorka Tekla er leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins. Hún kom sjálf að leikgerð söngleiksins Djöflaeyjunnar sem var frumsýndur í september síðastliðnum og gengur enn fyrir fullu húsi. Einnig er hún

búin að vinna leikgerð af Tímaþjófum, skáldsögu Steinunnar Sigurðardóttur, sem er í æfingum núna og verður frumsýnd eftir fimm vikur. Hún þekkir því vel glímuna við að koma efni bókar yfir á leiksvið.

Skáldsaga og leikverk eru ólík listform. Mörgum leikhúsunnendum finnst áhugavert að sjá ástsælar skáldsögur öðlast líf á leiksviðinu en öðrum finnst of mikið að slíkri aðlögun gert. Eflaust verða umræður um efnið að loknu erindi Melkorku Teklu. Bókakaffið hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir!

gun@frettabladid.is

Bókakaffi mánaðarlega

Bókakaffi í Gerðubergi er hluti kaffikvöldu í Gerðubergi og haldið mánaðarlega yfir vetrarmánuðina, fjórða miðvikudagskvöld í mánuði. Það er vinsæll liður í viðburðadagsskrá Borgarbókasafnsins. Nánari upplýsingar um kaffikvöldin og aðra viðburði á vegum Borgarbókasafnsins má finna á heimasíðu þess, borgarbokasafn.is.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUT • REYNISLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utfarin.is



Kristin Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Mergættu, hlíju og virðing *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson



Steinunn Magnúsdóttir



Álfheimur 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Snævar Jón Andrésson

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánar-bússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Móðir okkar,

Sigríður Guðmundsdóttir


Laugarásvegi 23,

lést á Landakotsspítala

18. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

Ingibjörg Ásta Pétursdóttir
Gróa Þóra Pétursdóttir
Pjetur Nikulás Pjetursson
og fjölskyldur.

Þorsteinn Bergsson
Heimir Sigurðsson
Elsa Magnúsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Einarsdóttir

fv. iðnrekandi,

áður til heimilis að Tjarnarmýri 41,

lést miðvikudaginn 8. febrúar á

Hrafnistu í Hafnarfirði.

Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Kristín Birgisdóttir
Guðrún Birgisdóttir
Birgir Rafn, R. Thelma, Viktor Már,
Kara Lind, Bergrún Ósk, Magnea Rún.

Jón S. Kjartansson
Heimir Bragason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrefna Þorvaldsdóttir

frá Álhólum, V-Landeyjum,

andaðist á hjúkunarheimilinu Eir 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju, fimmtudaginn 23. febrúar kl. 15.

Þorvaldur Örn Árnason, Ragnheiður Elísabet Jónsdóttir, Sigríður Soffía Valdimarsdóttir, Rósa Valdimarsdóttir, Ómar Jóhannsson, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Snæbjörg Snæbjarnardóttir

söngkona, söngkennari og kórstjóri, Fells múla 13, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 16. febrúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 3. mars næstkomandi klukkan 15.

Ólöf S. Pálsdóttir

Snæbjörn Óli Jörgensen

Guðrún Birna Jörgensen

Snæbjörg, Harpa María, Kaj Arnar, Hildur Ása og Marianna Erla

Anna María Elíasdóttir

Halldór Þ. Ásmundsson

BETRI LÍÐAN OG DÝPRI SLÖKUN MEÐ MAGNESÍUMOLÍU

Artasan kynnr Magnesíumolíurnar frá Better You hafa reynst ótrúlega vel til þess að ná betri slökun, lina þreytuverki, krampa, harðsperrur, strengi og stífleika í vöðvum. Sífeltil fleiri Íslendingar eru farnir að nota magnesíumspreyinn að staðaldri og viðskiptavinir nuddara eru farnir að kjósa magnesíumnudd umfram það hefðbundna.

MAGNESÍUM ER MIKILVÆGT FYRIR ALLA

Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í fleiri hundruð mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesíumskort má oft rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja, mikillar koffínneyslu og næringarsnauds jarðvegs sem nýttur er til ræktunar matvæla. Einnig skolest steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa að bæta okkur upp.

NUDDAÐ UPP ÚR MAGNESÍUMOLÍU

Berglind Þórðardóttir nuddari sem rekur Heilsusetrið á Háaleitisbraut er brautryðjandi í notkun



“Flestir viðskiptavinir óska eftir magnesíumnuddi.

Berglind Þórðardóttir, nuddari



magnesíumolíu við nuddmeðferðir á Íslandi. Nú er svo komið að flestir viðskiptavinir hennar óska einna helst eftir magnesíumnuddi í stað hefðbundins nudds með gömlu góðu nuddolíunni. Viðskiptavinir Berglindar segja muninn felast einna helst í meiri og dýpri slökun sem varir mun lengur og þeir sofa miklu betur. Orð og setningar eins og „góð innri slökun“, „streitulosandi“, „hreinsandi og ég vakna miklu betur og hressari næsta morgun“, „vinnur svo vel á vöðva-



Magnesíumolía er notuð með góðum árangri við nuddmeðferðir.

Góð innri slökun

MAGNESÍUM HEFUR ÁHRIF Á:

Orkumyndun (ATP í frumunum)
Vöðvastarfsemi
Taugastarfsemi
Myndun beina og tanna
Meltingu
Blóðflæði
Kalkupptöku
Húðheilsu

MERKI UM MAGNESÍUMSKORT:

Svefnferfiðleikar
Sina- dráttur
Vöðvakrampi
Aukin næmni fyrir stressi
Sjúþreyta
Orkuleysi
Höfuðverkir
Fjörfiskur

“Ég hef lengi vel verið í vandræðum með að sofna á kvöldin vegna mikils þirringis í fótunum. Eftir að ég prófaði Magnesíum Good Night sprejið varð ekki aftur snúið því þetta var töfrum líkast. Fótaþirringurinn hvarf nánast strax eftir að ég úðaði á mig og ég fór að sofa alla nóttina og vakna úthvíldur.



Óli Boggi, hársnyrtir

verkjum og virkar mun dýpra en hefðbundið nudd“, „virkar slakandi á líkamann og róandi á hugann“, „maður verður svo sultuslakur“, „allur fóta- og vöðvapirringur hverfur“ og „ég sef svo miklu betur“ koma fyrir í svörum fjölmargra viðskiptavina Berglindar eftir nuddið.

Útsölastaðir: Flest apótek, heilsu- búiðir og heilsuhillur verslana.

Magnesíum flögur

Frábært í baðið og fótabaðið



Fyrir svefninn og við fótaóeirð

Fyrir alla

Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu



ÆFIR AF FULLUM KRAFTI FYRIR LANDVÆTTINA Í SUMAR

Fyrir rúmu ári ákvað **Guðný Sigurðardóttir** að breyta um lífsstíl, taka mataræðið í gegn og hreyfa sig reglulega. Hún hljóp hálf maraþon í fyrrasumar og stefnir á að taka þátt í fjölbrautakeppninni Landvættum í sumar.

Sigríður Inga Sigurðardóttir

sigridinga@365.is

„Ég var í slæmu líkamlegu ástandi, var alltof þung og ekki með þol til að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég byrjaði að æfa hlaup með Stjörnunni í maí 2014 en aðeins með hálfum huga. Ég ákvað síðan að setja meiri kraft í æfingarnar í janúar í fyrra og taka mataræðið föstum tókum. Jafnframt setti ég mér það markmið að taka þátt í Landvættunum nú í sumar,“ segir Guðný sem hleypur með Stjörnunni þrisvar til fjórum sinnum í viku.

„Í fyrstu hljóp ég bara á milli ljósastaura en í fyrrasumar hljóp ég, ásamt hlaupahópnum mínum, hálf maraþon í Reykjavíkumaraþoninu og sömu vegalengd í maraþoni í München. Það var mikil upplifun. Ég finn mjög mikinn mun á mér og er komin í þokkalegt form. Ég hef miklu meira úthald en áður, er búin að léttast um sextán kíló og hef meiri kraft í að hjóla, hlaupa og synda,“ segir Guðný og bætir við að hún hafi þurft að endurnýja fataskápinn, sem hafi verið stór plús.

Henni fannst ekki erfitt að byrja að hreyfa sig eftir að hafa lifað kyrrsetulífi um langt skeið en Guðný vinnur á skrifstofu. „Það kom bara af sjálfu sér þegar ég hafði tekið þessa ákvörðun. Ég missti aldrei trúna á að ég gæti breytt um lífsstíl.“

Guðný breytti mataræðinu um leið og hún hóf að stunda reglulegar hlaupaæfingar. „Ég gerði það jafnhliða því að ég fór að hreyfa mig. Ég tók mataræðið alveg í gegn, fylgdist með því hvað ég borðaði og hversu mikið. Ég vil ekki eyða hitaeningunum í eitthvert sukk, heldur borða það sem er gott fyrir líkamann.“

Hlaupahópurinn hefur veitt henni mikinn stuðning en hún fer einnig vikulega á samæfingar með hóp á vegum Ferðafélags Íslands sem heldur utan um Landvættaverkefnið.



„Ég missti aldrei trúna á að ég gæti breytt um lífsstíl.“ MYND/ANTON BRINK

”Ég tók mataræðið alveg í gegn, fylgdist með því hvað ég borðaði og hversu mikið. Ég vil ekki eyða hitaeningunum í eitthvert sukk heldur borða það sem er gott fyrir líkamann.

Guðný Sigurðardóttir

„Þar fæ ég lista yfir þær æfingar sem við eigum að gera á hverjum degi, fyrir utan sunnudaga sem er hvíldardagur. Þetta byggist allt á því að mæta á æfingar. Það gerist ekkert öðruvísi,“ fullyrðir hún.

Landvættir ganga út á að ljúka þrautum í hverjum landsfjórðungi fyrir sig á innan við tólf mánuðum. „Ég hef aldrei tekið þátt í neinu svona áður og finnst þetta ofsalega spennandi. Þetta skiptist í Fossagönguna sem er 50

km skíðaganga á Ísafirði, Jökulsárhlaup en það er 32,7 km hlaup frá Dettifossi til Ásbyrgis, 2,5 km sund í Urriðavatni í nágrenni Fellabæjar og Bláalónsprautina sem eru 60 km hjólréiðar.“

Guðný mælir tvímælalaust með því að setja sér markmið og ganga til liðs við hlaupahóp, sé vilji til að koma sér í betra form. „Það er bara gaman. Maður kynnist skemmtilegu fólki og ég finn hvað mér líður miklu betur andlega og líkamlega.“

LYFJA
– Lífið heil

Fyrir þig í Lyfju



Naso-ratiopharm

Nefúði við nefstíflu, t.d. vegna kvefs. xylometazolinhydróklóríð. 0,5 og 1 mg/ml – 10 ml

Verð: 537 kr.

Verð áður: 671 kr.

20%
afsláttur
Gildir út febrúar



Nasofan

Bólgueyðandi steri í nefúða, - við ofnæmi.

fluticasonprópiónat
50 µg/sk – 60 skammtar

Verð: 1.506 kr.

Verð áður: 1.883 kr.

- ✓ Nefstífla
- ✓ Nefrennsli
- ✓ Kláði í nefi
- ✓ Hnerri

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfjanna. Leiðið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

BANDÓÐUR Í BÓKASAFNI

Borgarbókasafnið, Norðlingasafn boðar til viðburðarins Bandóður - Heklað af list fimmtudaginn 23. febrúar frá klukkan 16 til 17.45.

Hekluálin verður munduð og þáttakendur læra að hekla flottar mynstraðar tuskur. Bæði byrjendur og lengra komnir velkomnir en þátttaka er ókeypis.

Áhugasamir eru beðnir um að mæta með heklunál, gjarnan nr. 3 ásamt viðeigandi bómullargarni en heklarinn Elin Guðrúnardóttir hjá Handverkskunst leiðbeinir gestum. www.handverkskunst.is



» Þátttakendur læra að hekla flottar mynstraðar tuskur.

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMÆÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

BÍLAR & FARARTÆKI

Toyota Kaupþúni



LEXUS Gs300 leður, sóllúga. Árgerð 2005, ekinn 158 PKM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.790.000. Tilboð 1.580.000 Rnr.281332.

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6, 210 Garðabær
Sími: 570 5070
www.toyotakaupthuni.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



DRAUMABÍLINN

MERCEDES-BENZ C 200 bluetec Station Árgerð 2016 ekinn 12 P KM dísel Verð 4.980.000. Rnr.103235. Stórglæsilegur sparneytin fjölskylduvagn ATH. Vantar bíla á skrá sanngjörn sölulaun

Braut BÍlasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



HÖFÐABÍLAR



TOYOTA Avenis s/d sol. Árgerð 2005, ekinn 168 PKM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 790.000. Rnr.211435. HÖFÐABÍLAR S. 577-4747

Höfðabílar
Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Vw golf árg 01 1,4 beinsk ek 207 þús ný negld vetrardekk ný tímareim fullur tankur bensín topp bíll verð 320 þús 8927852




Toyota LC 150 2015 ek 69þ 7,2m Bílinn er að fara uppí nýjan hjá Toyota og selst því á sérstöku verði ef hann selst áður Aukah fyrir 500þ S 6630000



Til sölu Honda CRV '06 ek aðeins 62þús km fæst á 1,1milljón staðgreitt ný sk án aths uppl í sima 616 6636

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



Bátar



Úrvals sjálfstýring fyrir smábát á einstaklega góðu verði. Upplýsingar s: 8343700

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkar ehf

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólf list
99% RYKFRITT

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Er rétt rakastig?

Að meðaltali dveljum við 80% sólarhringsins innandyrá. Rétt innivist og stjórnun loftgæða getur því haft gríðarleg áhrif á heilsufar okkar.

Þurrktæki

Rakataeki



Bresk þurrktæki



Svissnesku rakataekin

Tilboð
í febrúar frá kr
44.990
(áður 49.547)

Rakamælir fylgir

35%
afsláttur í febrúar
Nú 19.385 kr

Íshúsið



viftur.is

-andaðu léttar

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓBINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Laugarnesvegur 83 3ja herbergja íbúð með bílskúr

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPÍÐ
HÚS

Afar sjarmerandi og vel skipulögð 60,8 fm. miðhæð auk 31,0 fm. bílskúrs í mjög fallegu þrjúþíli við Laugarnesveg. Húsið lítur vel út að utan eftir miklar endurbætur þar sem m.a. hefur verið skipt um allt járn á þaki og hliðum hússins. Stofa með gluggum til suðurs og austurs. Virkilega vel staðsett eign í Laugardalnum í göngufærri við m.a. sundlaug, líkamsræktarstöð, skóla, verslun og þjónustu við Laugalæk. Verð 36,9 millj.

Spádómar

SPÁSÍMINN 902 1020
Spámiðlun heilun Sjöfn spámiðill og heilari Geymið auglýsinguna.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG
DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímaakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

KEYPT
& SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR &
NÁMSKEIÐ

Námskeið

SKARTGRIPA NÁMSKEIÐ
Víravirkis námskeið verður haldið dagana

2, 6 og 7 mars frá kl: 18.00-21.00
að Fagradal 9, 190 Vogar.
Verð 37000 kr

Efni innifalið, smíðað er 1 men.

Sími: 6943089

E mail: ingahl@internet.is

Inga Rut Hliðversdóttir
Gullsmiður

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Málari eða maður vanur málningavinnu óskast. Upplýsingar í 896 6148. jigmalun@gmail.com

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

Atvinna óskast

PROVENTUS
STARFSMANNAPJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

Pverholt 14



Leiga án virðisauka



Bókaðu skoðun
Svan G. Guðlaugsson
aðstj. fasteignasala

sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl og lögg. fasteignasali

sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

Til leigu 720 fm skrifstofuhæð við Hlemm

Rýmin eru 330 fm og 390 fm

15 sér bílastæði fylgja með hæðinni

Leigist í einu eða tvennu lagi

Lyfta í húsinu og gott aðgengi

Laust strax

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá
Elsta starfandi fasteignasala landsins

1957

Skeifan 3b – Til leigu



Til leigu 250 fm verslunar- og þjónusturými við Skeifuna 3b í Reykjavík. Um er að ræða jarðhæð með góðum sýningargluggum. Sameiginleg bílastæði á lóð fyrir framan húsið. Eignin skiptist í stórt opið rými, eldhúskrók og snyrtingu. **Laust frá júní 2017.** Nánari upplýsingar gefur Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur leigumíðlari hjá Eignamiðlun. hilmar@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

FÖSTUDAGA KL. 21:15

STEYPU STÖÐIN

ÞÖKKUM FRÁBAERAR VIÐTÖKUR

Tryggðu þér áskrift fyrir aðeins 333 kr. á dag
9.990 kr. á mánuði

SÓLIHÓLM @SoliHolm
Horfi á Steypustöðina í gær. LOLaði oft og hlakka til að sjá meira. Þjóssi smiður fráþær. „Ertu að gefa mér þúsundkall?“. #Steypustöðin

ARON EINAR @ronnimall
Ræningjarnir í hagkaup 🤔🤔🤔 #Steypustöðin þessi veisla byrjar vell!

ÁGÚST HALLDÓRSSON @AgustHalldors
Í 35 mín fór engin úr fjölskyldunni í síma eða í-pad, brosti og hló. Sem þýðir að þátturinn var mjög góður. 🤔 #Steypustöðin

LOGI BERGMANN @logibergmann
Djöfull er maður búinn að bíða lengi eftir einhverju svona. #Steypustöðin

365.is | Sími 1817

365

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Lýst upp með listaverkum

Seyðfirðingar fagna komu sólar eftir þriggja mánaða fjarveru með hátíðinni List í ljósi sem nýlega hlaut tilnefningu til Eyrarrósarinnar.

Hátíðin er haldin nú í annað sinn. Hún er að mestu utandyra og umbreytir Seyðisfirði með ljósadýrd og spennandi listaverkum um leið og komu sólarinnar er fagnað eftir skammdegið,“ segir Sesselja Hlín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar List í ljósi á Seyðisfirði sem fer fram 24. og 25. febrúar á milli klukkan 20 og 24 báða dagana.

„Bæjarbúar og gestir koma út á göturnar á sínum tíma innan þessa ramma, ganga á sínum hraða og stoppa þar sem þeir velja sér sjálfir,“ segir Sesselja. „Þar njóta þeir þess sem fyrir augu og eyru ber, allt frá stórum ljósainnsetningum niður í vídeóverk og stuttmyndir eftir innlenda og erlenda listamenn.“

Reyndar er kvikmyndahátíð sem tengist List í ljósi þegar byrjuð, að sögn Sesselju. „Það er þínu gjörningur því menningarmiðstöðinni Herðubreið er breytt í gamaldags bíosal. Þar eru fjöruúti og eithvað myndir sýndar út vikuna og popp í boði fyrir alla,“ lýsir hún.

Sesselja er Seyðfirðingur í grunninn og hefur dvalið þar löngum stundum hjá afa sínum og ömmu þó hún ætti lögheimili syðra en flutti svo austur fyrir tveimur árum. Hún telur Seyðisfjörð höfuðborg lista og menningar. Segir aðra hátíð haldna þar í byrjun skammdegis sem nefnist Dagar myrkurs. „Þá labba bæjarbúar saman gegnum bæinn í kolniðamyrkri og hlusta á sögur hér og þar. Mjög fallett. En Celia Harrison, vinkona mín, sem er listrænn stjórnandi Listar í ljósi kom með þá hugmynd að fagna líka komu sólarinnar. Hátíðin heppnaðist mjög vel í fyrra og verður vonandi enn betri í ár.“

Sesselja segir gesti koma víða að, jafnvel alla leið frá Austurlandi. „Þetta er ekkert risastórt dæmi en vekur greinilega áhuga og fólk splæsir í miða hingað. Það er fallett þegar fólk vill taka vetrarfrí og ákveður að gera það með okkur.“

Sjálf hátíðin er fjármögguð með styrkjum og það kostar ekkert inn á hana, að sögn Sesselju. „Þetta er svo fallett samfélag að það koma allir saman og hjálpast að þegar eithvað svona er í gangi.“

gun@frettabladid.is



Sesselja Hlín framkvæmdastjóri og Celia Harrison, listrænn stjórnandi Listar í ljósi. MYND/JÓNÍNA BRÁ ÁRNADÓTTIR



✚
Eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,
Guðmundur Sigvaldason
Birkihlíð 6,
Hörgársveit,
verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlyninguna á Akureyri njóta þess.

Torhildur Stefánsdóttir
Ásthildur Guðmundsdóttir
Sigvaldi Guðmundsson **Agnes Harpa Jósavinsdóttir**
Álfheiður Guðmundsdóttir **Jón Ingvar Bragason**
Óðinn Guðmundsson
og barnabörnin.



✚
Innilega þakkar til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andlats og útfarar elskulegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Sigurðar Ragnars Björnssonar
Rafnkelsstöðum,
Garði.
Sérstakar þakkar fær starfsfólk Hrafnistu í Hafnarfirði, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Guðmundur Kristberg Helgason **Guðrún Hauksdóttir**
Sævar Þór Sigurðsson **Áslaug Jóhannsdóttir**
Erla Björk Sigurðardóttir **Jón Helgi Ásmundsson**
Rafnkell Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.



✚
Innilegar þakkar fyrir samúð og hlýhug við fráfall
Sólveigar Axelsdóttur
Akureyri.
Innilegar þakkar færur við öllum sem komu að umönnun hennar, sérstakar þakkar fær starfsfólk Beykiliðar fyrir að umvefja hana hlýju.

Axel Gislason **Hallfríður Konráðsdóttir**
Hólmfríður Gísladóttir **Guðmundur Pétursson**
Þórhalla Gísladóttir **Samúel Jón Samúelsson**
Sólveig Gísladóttir **Hörður Blöndal**
Katrín Gísladóttir **Björn Ingi Sveinsson**
Hildur Gísladóttir **Sigurður Albertsson**
Björg Gísladóttir **Páll Kristjánsson**
Kjartan Þorbjörnsson **Júlia Þorvaldsdóttir**
og fjölskyldur.



✚
Okkar elskaði sonur, unnusti, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,
Lúðvík Jens Eggertsson
Flúðaseli 24,
Reykjavík,
varð bráðkvaddur á heimili sínu mánudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju, föstudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Elisabet Lúðvíksdóttir
Sigrún Harpa Grétarsdóttir
Stefanía Bonnie Lúðvíksdóttir **Björgvin Þór Þórhallsson**
Bára Erna Lúðvíksdóttir **Eggert Th. Sverrisson**
Hermann Grétarsson **Þóra Björg Hafliðadóttir**
Elisabet Lúðvíksdóttir **Arnþór Sigurðsson**
Þórhallur Björgvin Björgvinsson **Fríðrik Thor Hermannsson**
Guðrún Eggertsdóttir
Jenný Olga Eggertsdóttir
Helga Ágústa Eggertsdóttir



✚
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,
Þóra Ragnheiður Þórðardóttir
frá Þórshöfn á Langanesi, til heimilis að Ásvegi 29 á Akureyri,
lést á heimili sínu laugardaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. febrúar klukkan 13.30.

Bergur Steingrímsson
Emil Þór Vigfússon
Gyða Ragnheiður Bergsdóttir
Stefán Steingrímur Bergsson
og barnabörn.



✚
Ástkær móðir okkar,
Sigríður Unnur Bjarnadóttir
áður til heimilis að Höfðagrunn 26, Akranesi,
lést á Dvalarheimilinu Höfða 16. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Þóra Einarsdóttir **Ingjaldur Ásvaldsson**
Jóhanna Einarsdóttir **Páll Skúlason**
Sigurður Már Einarsson **Anna Steinsen**
Flosi Einarsson **Katla Hallsdóttir**



✚
Ástkær bróðir okkar,
Hafþór Snorrason
Álftaríma 3, Selfossi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 14. febrúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

Örn Þór Halldórsson
Anna Margrét Halldórsdóttir
og fjölskyldur.



✚
Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
Gunnhildur Bjarnadóttir
lést þann 15. febrúar. Útför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 11.00.

Anna Guðný Eiríksdóttir **Egill Jónsson**
Eiríkur Egilsson **Lena Björk Kristjánsdóttir**
Helgi Egilsson **Rúna Thorarensen**
Hildur Egilsdóttir
og langömmubörn.




✚
Hjartkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og frænka,
Elsa Finnsdóttir
Klapparstig 42, Reykjavík,
verður jarðsungin frá Dómkirkjunni, miðvikudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

Örn Arnar Ingólfsson
Karl Arnar Arnarson **Rakel Edda Ólafsdóttir**
Örn Arnar Karlsson **Silja Jóhannsdóttir**
Thelma Karlsdóttir **Sindri S. Kolbeinsson**
Elsa Rún, Matthildur Ylfa og Karólína Karlsdætur
Finnur Arnar Arnarson **Áslaug Thorlacius**
Salvör Thorlacius Finnsd. **Árni Tómasson**
Elsa Árnadóttir
Kristján, Hallgerður og Helga Thorlacius Finnsbörn
Guðrún Magnúsdóttir

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Norðaustlæg átt í dag og nokkuð hvasst suðaustantil á landinu. Slydda eða snjóköma sunnan- og síðar austanlands, en dálítill él við norðvesturströndina. Híti kringum frostmark. Um kvöldið léttir til á Suður- og Suðvesturlandi.

Miðvikudagur

Reykjavík 2° ↖ 6	Ísafjörður -2° ↖ 8	Akureyri -5° ↖ 12
Egilsstaðir -6° ↙ 7	Kirkjubæjarkl. -1° ↙ 12	Hveravellir -6° ↖ 13

Fimmtudagur

Reykjavík -2° ← 18	Ísafjörður -4° ← 19	Akureyri -6° ← 12
Egilsstaðir -5° ↙ 12	Kirkjubæjarkl. -4° ↙ 17	Hveravellir -9° ← 19

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- fyrirhöfn
 - í röð
 - eyrir
 - fæða
 - aðgæta
 - yndi
 - kenna
 - vörumerki
 - kverk
 - blása
 - mun
 - atлага

- LÓÐRÉTT**
- niður
 - skóli
 - brá
 - knæpa
 - sykurbráð
 - umfram
 - stal
 - sáðjörð
 - fyrirboði
 - skyldir

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			
21					

LÁRÉTT: 2. ómak, 6. fg, 8. aur, 9. ala, 11. gá, 12. nauhn, 14. skóla, 16. ss, 17. kok, 18. pna, 20. ku, 21. áras. LÓÐRÉTT: 1. ofan, 3. ma, 4. augnlök, 5. ka, 7. glassur, 10. auk, 13. tók, 15. akur, 16. spá, 19. aa.


Skák Gunnar Björnsson

Boleslavski átti leik gegn Reshevsky í Zurich árið 1953.

Svartur á leik

1...Ha7!! 1/2-1/2. Hvítur getur ekki bætt stöðuna og samið var um jafntefli. Átta skákkonur eru nú eftir á HM kvenna sem fram fer í Teheran.

www.skak.is: Íslendingar tefla í Moskvu.



Sudoku

LÉTT

3	1		5					
	9			4	8	6		
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
				7	1		5	
1								

MIDLUNGS

	6			9	5			
7			4					3
	9			1	4		7	
		9			7			
3			7		5		2	1
					2			
	1	4	8			5	9	
		5	2		4			6
8				6		3	4	

ÞUNG

		2		3					9
					6				7
				9	2	4			6
						5	3		
9			4	1	8				
7				9				8	2
		4					7		1
	7							8	
3	1								


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausni síðustu sudoku

7	9	2	4	1	5	3	8	6		7	2	9	6	3	4	5	8	1		8	1	7	9	6	3	4	2	5
5	6	1	3	7	8	2	9	4		6	5	3	7	8	1	9	2	4		9	5	2	4	7	8	3	6	1
4	3	8	6	9	2	7	5	1		8	4	1	9	5	2	3	6	7		3	6	4	2	1	5	7	8	9
3	4	9	5	6	7	1	2	8		4	3	2	5	1	6	8	7	9		1	4	6	3	9	7	8	5	2
6	1	7	8	2	3	9	4	5		5	7	6	2	9	8	4	1	3		2	7	3	5	8	6	1	9	4
8	2	5	9	4	1	6	3	7		9	1	8	3	4	7	2	5	6		5	8	9	1	2	4	6	3	7
9	8	3	7	5	6	4	1	2		3	9	7	1	2	5	6	4	8		7	2	5	6	3	1	9	4	8
1	5	6	2	3	4	8	7	9		1	8	5	4	6	3	7	9	2		6	9	8	7	4	2	5	1	3
2	7	4	1	8	9	5	6	3		2	6	4	8	7	9	1	3	5		4	3	1	8	5	9	2	7	6

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ef dýrin mættu velja

gæludýr.is
Einfaldlega ódýrari

MEISTARA MÁNUÐUR
ÍSLANDBANKA

MIÐVIKUDAGA KL. 19:25


365.is | Sími 1817

ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM
PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ




NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~346.100~~



NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~



NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~



NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~



NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~



NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~



NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~



NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Kia-bílar með lægstu bilanatíðnina

Kia er sú bílategund sem bílar sjaldnast samkvæmt skýrslu sænska tryggingafélagsins Länsförsäkringar um tíðni alvarlegra bílana í nýlegum bílum sem bærust tryggingafélaginu. Skýrslan er byggð á fjögur þúsund tjónatilkynningum til félagsins árið 2015 en um bíla af árgörðum 2007-2013 er að ræða. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu FÍB. Fram kemur í skýrslunni að Kia-bílar bíla sjaldnast en Hyundai-bílar næstsaldnast. Þar á eftir koma Honda, Lexus og Toyota. Kia er með 7 ára ábyrgð á bílum sínum sem er lengsta ábyrgð sem bílaframleiðandi býður upp á. Hyundai er með 5 ára ábyrgð sem er það næstmesta sem í boði er. Bæði bílamerkin eru frá Suður-Kóreu. Kia hefur verið á mikilli siglingu hér á landi sem og annars staðar og var næstmest seld bílamerkið á Íslandi á síðasta ári.

„Þetta eru að sjálfsgöðu mjög ánægjulegar fréttir og sýna fram á að Kia-bílar eru mjög áreiðanlegir. Við höfum ekki fundið fyrir öðru hér á landi undanfarin ár en það er gott að fá þessa skýrslu sænska tryggingafélagsins sem er mjög ítarleg og FÍB og fleiri virtir fagaðilar taka mikið mark á,” segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bilaumboðinu Öskju. Í skýrslu sænska tryggingafélagsins kemur jafnframt fram að algengustu orsakir þess að bíll verður óökufær eru vélarbilanir. Þær urðu ýmist í kjölfar bílana og skemmda á kælikerfi eða miðstöðvarkerfi bílanna eða vegna þess að tímareimar eða tímakedjur slitnuðu. Næstalgengastar eru bilanir í gira- og drifbúnaði en samanlagt koma þessar bilanir við sögu í tveimur þriðju allra tjónatilkynninganna.

Stærri fólksbílar seljast illa

Sala stórra fólksbíla eins og Toyota Camry og Honda Accord fer stórlega minnkandi. Jeppar, jepplingar og pallbílar eru að leysa stærri fólksbíla af hólmi en litlir fólksbílar seljast vel.

Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Sú þróun að jeppar, jepplingar og litlir fólksbílar seljist grimmt á kostnað stærri fólksbíla heldur áfram í Bandaríkjunum. Sem dæmi má nefna að í janúar á þessu ári seldust fjórar gerðir jepplinga og tveir minni fólksbílar meira en söluhæsti fólksbílurinn til fjölmargra ára, Toyota Camry. Camry hefur haldið titlinum söluhæsti fólksbílur Bandaríkjanna samfellt í 15 ár, en nú þetta árið gæti orðið breyting á því. Toyota Corolla og Honda Civic seldust báðir betur en Toyota Camry í janúar. Minnstu fólksbílarinnir sem seldir eru vestanhafs, þ.e. bílar eins og Ford Fiesta, Hyundai Accent, Toyota Yaris og Chevrolet Cruze, náðu allir yfir 40% söluaukningu í janúar og hinn pínulíti Chevrolet Spark náði 51% aukningu í sölu.

Spáð minni heildarsölu í ár

Svo virðist sem aukningin í jepplinga- og jeppasölu bitni aðallega á sölu stærri fólksbíla, ekki þeirra minnstu, sem kosta mjög lítið í Bandaríkjunum. Margir þeirra eru framleiddir í láglaunalöndum eins



Toyota Camry mun væntanlega missa titilinn söluhæsti fólksbílurinn í Bandaríkjunum á þessu ári, eftir 15 ár á toppnum.

og Mexíkó og það tryggir afar lágt verð. Heildarbílasalan í Bandaríkjunum í janúar var 1,9% undir sölnunni frá sama mánuði í fyrra. Þessi niðurstaða, þó neikvæð sé, er samt betri en margir sérfræðingar

um bílasölu áttu von á fyrirfram. Almennt er spáð nokkurri kólnun í bílasölu í Bandaríkjunum í ár, eftir algjört metsöluár í fyrra. Jeppar, pallbílar og jepplingar voru 64% af sölnunni í janúar og fór hlutfall

þeirra upp frá 60,7% í fyrra. Góð sala var í jepplingum eins og Honda C-RV og Toyota RAV4 og seldust fleiri RAV4 en Toyota Camry í janúar. Allt eins má búast við að RAV4 slái Camry við í sölu vestra í ár.

Önnur kynslóð Audi Q5 frumsýnd

Lúxusjeppingurinn Audi Q5 kom fyrst á markað árið 2008 og sló samstundis í gegn. Hann var mest seldi bíllinn í sínum flokki í sex ár og er farsælasti bíll Audi í Bandaríkjunum. 1,6 milljónir eintaka fyrstu kynslóðar Q5 hafa selst og nú er komið að annarri kynslóðinni. Eftir stranga þjálfun í æfingabúðum lítur nýr Q5 dagsins ljós; 90 kílóum léttari og sportlegur sem aldrei fyrr. Þrátt fyrir það hefur bíllinn stækkað á flesta kanta og plássíð aukist, þökk sé skynsamlegu efnisvali í yfirbyggingunni. Hvergi er gefið eftir í þægindum, útliti og aksturseginnleikum nýju kynslóðarinnar. Það er ríkulegt pláss fyrir fimm farþega auk hent-



Ný kynslóð Audi Q5. Af fyrstu kynslóðinni seldust 1,6 milljón bílar.

ugra hleðslu- og geymslumögu-leika. Hægt er að fella niður sætisbókin aftur í með fjarstýringu og auka plássíð í skottinu upp í 1.550 l.

Ef hendur eru fullar kemur snertilaus opnun á skotti sér vel.

Sérhvert smáatriði í Audi Q5 endurspeglar séreinkenni Q-hönn-

unarinnar. Þetta gildir meðal annars um sérkennandi vélarhlífina og slútandi þakið, sem og útispeglana sem festir eru á öxlina, og mjóa gluggalínuna. Framfarirnar eru augsýnilegar á Audi-sýndarstjórnborðinu. Stafrænt mælaborð með 12,3 tommu háskerpuskjá sýnir margvíslegar upplýsingar sem tengjast akstrinum. Í boði eru þrjár vélar, 190 hestafla 2.0TDI, 284 hestafla 3.0TDI og 252 hestafla 2.0TDI. Það tekur Audi Q5 6,3 sekúndur að komast í hundraðið og hámarks hraði er 237 km á klukkustund. Nýr Audi Q5 kostar frá 7.290.000 og verður frumsýndur í Heklu, Laugavegi 170-174, laugardaginn 25. febrúar klukkan 12.00.



Fyrir þig í Lyfju

Otrivin

Andaðu með nefinu

- Loft innan fárra mínútna
- Illmur af mentól og eukalyptus



*Afsláttur af öllum Otrivin tegundum. Gildir út febrúar 2017.

Otrivin/Otrivin Junior/Otrivin Comp/Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur Xylometazólinhýdróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

23. FEBRÚAR

K O N U K V Ö L D

Skemmtu þér með okkur á Konukvöldi
Létt Bylgjunnar. Glæsileg skemmtiatriði,
happdrætti og kynningar í göngugötu.



Kringlan

Af öllu hjarta

kringlan.is

TAKTU KVÖLDIÐ FRÁ
FRÁBÆR TILBOÐ, SKEMMTUN OG FJÖR

LÉTT
BYLGJAN
967

facebook.com/kringlan.is

Hið fjölbreytta sjálf

LEIKLIST

Núnó og Júnía

★★★★★

Sigrún Huld Skúladóttir og Sara Marti Guðmundsdóttir

MAk og Leikfélag Akureyrar

Hofi

Leikstjórn: Sara Marti Guðmundsdóttir

Leikendur: Alexander Dantes Erlendsson, Bjarni Snæbjörnsson og Dominique Gyða Sigrúnardóttir, Aldis Sveinsdóttir, Arndís Eva Erlingsdóttir, Bjarklind Ásta Brynjólfssdóttir, Brynjólfur Skúlason, Egill Andrasón, Elísa Ýrr Erlendsdóttir, Eyþór Daði Eyþórsson, Freysteinn Sverrisson, Iðunn Andradóttir, Mateusz Swierczewski, Sigríður Alma Ásmundsdóttir, Sindri Snær Jóhannesson, Rakel Róbertsdóttir, Urður Andradóttir og Valentína Björk Hauksdóttir

Ljós og myndbandshönnun: Ingi Bekk

Leikmynd og leikmunir: Brynja Björnsdóttir

Búningar og gervi: Íris Eggertsdóttir

Hreyfinga- og danshönnuður: Katrín Mist Haraldsdóttir

Tónlist: Stefán Örn Gunnlaugsson

Hljóð: Sigurvald Ivar Helgason

Myndband: Ragnar Hansson

Síðastliðinn laugardag frumsýndu Menningarfélag Akureyrar og Leikfélag Akureyrar stærsta leikverk sitt á leikárinu. Barnaleikritið Núnó og Júnía boðar endurkomu samstarfs Sigrúnar Huldar Skúladóttur og Söru Marti Guðmundsdóttur en þær sviðsettu hina frábæru Pílu pínu á síðastliðnu ári. Nú horfa þær til framtíðar.

Núnó og Júnía gerist í framtíðarveröldinni Kaldóníu. Landinu er skipt í vestur- og austurhluta en á jaðrinum má finna Þokudal, afgirt einangrunarsvæði þar sem þokuberum er komið fyrir. Fyrir tíu árum greindist fyrsta þokusmittið en talið er að einstaklingar veikist séu þeir ekki nægilega metnaðarfullir. Núnó Fálkón er hetja Vestur-Kaldóníu enda hraustmenni hið mesta og hvattur áfram af lærimeistara sínum Þjálf. Heimur hans umturnast þegar hann veikist sjálfur af þokunni, þrátt fyrir að vera framúrskarandi íþróttamaður og hittir hina ósýnilegu Júníu.

Sigrún Huld og Sara Marti leggja af stað með virkilega metnaðarfulla hugmynd: að byggja og afbyggja



Bjarni Snæbjörnsson og Alexander Dantes Erlendsson á sviðinu í Hofi.

síðan heilan framtíðarheim á 90 mínútum. Söguþráðurinn ber mikinn keim af nýlegum visindaskáldsögum ætluðum ungu fólki, t.d. má greina stef úr Hungurleikunum eftir Suzanne Collins og þrileik Philips Pullman um Lyru Belacqua. Gallinn er helst sá að þær dvelja of lengi á einum stað, notast of mikið við staðalímyndir og endurtekningarnar eru óþægilega margar. Kjarni verksins og boðskapur er þó sterkur og heldur sýningunni saman.

Bjarni Snæbjörnsson, Alexander Dantes Erlendsson og Dominique Gyða Sigrúnardóttir leika aðalhlutverkin en þau tvö síðastnefndu eru nýútskrifuð frá Listaháskóla Íslands. Mikið er á herðar þeirra lagt, þá sérstaklega Alexanders sem stendur á sviðinu nánast allan tímann og þessi fyrstu skref hans á atvinnusviði boða gott. Dominique Gyða nýtir sín best í hlutverki þáttarstýrunnar Söpran en skilar Júníu með einlægni. Bjarni kemur með hómor og flottar tíma-setningar en sögu þjálfar hefur þó mátt teikna betur.

Að auki er heill hópur af ungum leikurum sem samanstandur af núverandi og fyrrverandi nemendum Leiklistarskóla LA. Sara Marti gerir ágætlega í leikstjórstólnum með dyggri hjálp frá Katrínu Mist Haraldsdóttur sem sér um sviðshreyfingarnar. Kaldónía er stílfærð, skipulögð og haldið í fjötrum af helgisíðum. Þess væri þó óskandi að Sara Marti hefði nostrað aðeins meira við þennan áhugaverða heim sem hún hefur skapað.

Umgjörðin og hönnunarvinna

hópsins er áráðin en með misjöfnum árangri. Þar ber fyrst að nefna ljósahönnun Inga Bekk sem er fantafin og leikmynd Brynju Björnsdóttur sem er einnig afspyrnu góð. Gerilsneyddur og einmanalegur heimur Vestur-Kaldóníu birtist áhorfendum ljóslifandi með neonlituðum ljósum og þrjúallausu umhverfi. Tónlist Stefáns Arnar Gunnlaugssonar þar sama naumhyggjukeiminn og passar sýningunni vel. Búningahönnun Írisar Eggertsdóttur nær hápunkti með ógnvænlegu gervi Þokusveitarinnar en mussur íbúa Austur-Kaldóníu hefði mátt endurhugsa. Sama gildir um myndbandið sem opnar og lokar sýningunni. Leikhúsið er áhrifaríkt þegar það er lifandi og sýningin er endaslepp þegar tilvalið hefði verið að hafa stórt hópatriði á sviði.

Lífsstílsvæðing tilverunnar, endalaus samkeppni um að vera betri en náunginn og keppnisárátta mannkynsins fær aldeilis á baukinn í sýningunni. Afrek jafngilda nefnilega ekki hamingju og heildstæð afstaða til okkar innri mannskju hlýtur að vera mikilvægari en endalaus samanburður við aðra. MAk og Leikfélag Akureyrar eiga hrós skilið fyrir metnaðarfulla, skemmtilega og djarfa tilraun. Hér er komið nýtt íslenskt barnaleikrit þar sem unga fólkið er í forgrunni, bæði á sviði og bak við tjöldin. Núnó og Júnía hittir kannski ekki alveg í mark en sýningin er markverð engu að síður. Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Herslumuninn vantar á annars metnaðarfulla sýningu.

Alltaf betri og betri

TÓNLIST

★★★★★

Verk eftir Áskel Mátsson

Salurinn í Kópavogi

laugardaginn 18. febrúar

Flytjendur: Þóra Einarsdóttir, Kristinn Sigmundsson, Matthildur Anna Gísladóttir, Frank Aarnink og Bryndís Halla Gylfadóttir.

Einhver leiðinlegasti frasi íslenskrar tungu er að tiltekin manneskja hafi „annast undirleik“. Maður heyrir þetta í sífellu. UNDIRleikur gefur til kynna að hann sé neðarlega í gogg-unarröðinni, en svo þarf alls ekki að vera. Í ljóðasöng byrjar gjarnan píanóið, það skapar stemninguna fyrir sönginn sem kemur á eftir. Meðleikurinn er oft ákaflega myndrænn; fljúgandi fugl er táknaður með kvikum, svifandi hendingum, ljós með björtum tónum ofarlega á tónsviðinu, en myrkur með djúpum bassatönnum. Þannig er þetta í söngverkem Áskels Mátssonar, en nokkur þeirra voru á dagskránni á tónleikum í Salnum í Kópavogi á laugardagskvöldið.

Áskell er eitt afkastamesta tón-



Áskell, alltaf að batna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

skáld Þjóðarinnar, hefur samið á annað hundrad verk. Yfirleitt eru þau svipsterk og þungubúin. Þau eru fremur lagræn og hljóðmarnir ekki eins ómstríðir og hjá ýmsum öðrum íslenskum samtímatónskáldum. Þetta á sérstaklega við um það sem hér var flutt. Á tónleikunum í Salnum voru ljóðin eftir Matthías Johannessen, Jóhann Jónsson, Stein Steinar og Thor Vilhjálmsson. Einnig voru þrjú kinnversk ljóð á dagskránni og svo frægt ljóð, magnþrungin bæn eftir Odysseas Elytis. Flytjendur voru Þóra Einarsdóttir og Kristinn Sigmundsson, en Matthildur Anna Gísladóttir „annaðist undirleik“.


Óþarfi er að greina frá hverju ljóði á tónleikunum. Matthildur spilaði í þeim flestum. Þau Kristinn og Þóra skiptu þeim hinsvegar á milli sín, nema því síðasta, Kominn nóvember, við ljóð Matthíasar. Þar stóðu þau á sviðinu saman og sungu sitt á hvað, eins og þau ættu í samræðum.

Píanóleikurinn var fagmannlegur og nákvæmur. Þau gríðarlega fjölbreyttu blæbrigði og tónmyndir sem var að finna í meðleikum skiluðu sér ágætlega. Píanóröddin var að vísu á tíðum eilítið ofhlaðin, það var svo mikið að gerast í henni að lá við að hún tæki athyglina frá söngnum. Þetta átti þó ekki við um síðustu tónsmiðina á efmisskránni, Kominn nóvember, sem hér var frumflutt. Að mati undirritaðs var þetta besta atriði tónleikanna. Skáldskapurinn í tónlistinni var dýpri og beinskeyttari, sönglínurnar hnitmiðaðri og píanóröddin hóflegri, en samt markvissari. Fyrir bragðið var hver einasta nota merkingarþrungin og áleitinn. Útkoman var eftirminnileg, hún kveikti í manni löngun til að kynnstast betur ljóðum Matthíasar.

Auk Matthildar komu fram Frank Aarnink slagverksleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari. Bryndís lék tónlist við ljóð Thors og Frank við bæn Odysseas Elytis. Þetta voru eldri verk og ristu ekki eins djúpt.

Þau Þóra og Kristinn sungu ætíð fallega, túlkun þeirra var full af tilfinningum, litrík og ávallt spennandi. Tónleikarnir voru athyglisverðir, gaman var að heyra þróunina í tónsköpun Áskels og upplifa að hann er alltaf að verða betri og betri. Jónas Sen

NIÐURSTADA: Glæsilegir tónleikar með söngverkem Áskels Mátssonar.



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólguþandi og verkjastillandi
munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt



HUNANGS OG SÍTRÓNU-BRAGÐI



APPELSÍNU-BRAGÐ SYKURLAUST

Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfrí, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtíma meðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólahringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

NÁTTÚRULEGA TIL FRAMTÍÐAR



Náttúrulegar umbúðir - í sátt við umhverfið

Tímamótaumbúðirnar frá Enviropack eru eingöngu úr náttúrulegum hráefnum og flokkast því einfaldlega með öðrum lífrænum úrgangi. Loks er hægt að velja kaffimál, glös, matvælaílát og ýmsar aðrar umbúðir sem eru að fullu niðurbjótanlegar og vistvænar.

Vörurnar eru framleiddar úr sterkju sem fellur til við framleiðslu á sykri og maís. Þær eru úr náttúrulegu hráefni og því **100% niðurbjótanlegar**.



Minna kolefnisspor
en af öðrum einnota
umbúðum



Geta brotnað
niður á 12 vikum



Pakkningar



Kaffimál



Glös og matvælaílát



Hnífapör

Veldu rétt, veldu náttúrulegt - fyrir okkur öll!

www.odd.is

LAUGARÁS BÍÓ **5%** **mid.is**
Miðasala og nánari upplýsingar

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

JOHN WICK 2
SÝND KL. 5.30, 8, 10.30

GOLD
SÝND KL. 8, 10.30

THE GREAT WALL
SÝND KL. 10.40

BATMAN
SÝND KL. 5.40

Billie Jean
SÝND KL. 5.40

PATRICIA
SÝND KL. 8

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Hinn 101 árs gamli Allan er kominn aftur í þessari frábæru gamanmynd.
GAMLINGINN 2

14 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. Besta mynd
Besti leikari í aðalhlutverki - Ryan Gosling
Besta leikkona í aðalhlutverki - Emma Stone
Besti leikstjóri - Damien Chazelle

7 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
M.A. **BESTA MYNDIN**

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

Frábær grínmynd fyrir alla fjölskylduna.
Sýnd með íslensku og ensku tali.

BATMAN
91% **PRÍÐJUDAGSTILBOÐ** **IMDb 8.1**

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK
GAMLINGINN 2 kl. 8 - 10:20	LEGO BATMAN ÍSL TAL kl. 5:40	GAMLINGINN 2 kl. 8
LEGO BATMAN ÍSL TAL kl. 5:40	LEGO BATMAN ENSKT TAL kl. 8 - 10:20	GOLD kl. 10:30
LEGO BATMAN ENSKT TAL kl. 5:40 - 8 - 10:20	FIFTY SHADES DARKER kl. 5:30 - 8 - 10:30	LEGO BATMAN ÍSL TAL kl. 5:40
LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP kl. 5:40 - 8	RINGS kl. 8 - 10:40	LEGO BATMAN ENSKT TAL kl. 5:40
RINGS kl. 10:40	LA LA LAND kl. 5:20 - 8	FIFTY SHADES DARKER kl. 8
LA LA LAND kl. 5:40 - 8:20	XXX3 kl. 5:40 - 10:20	JOHN WICK: CHAPTER 2 kl. 10:30
XXX3 kl. 8 - 10:20	KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	AKUREYRI
XXX3 VIP kl. 10:20	GAMLINGINN 2 kl. 5:40 - 8 - 10:20	GAMLINGINN 2 kl. 8
MONSTER TRUCKS kl. 5:40	LEGO BATMAN ÍSL TAL kl. 5:40	GOLD kl. 10:20
ROGUE ONE 2D kl. 8	LEGO BATMAN ENSKT TAL kl. 8 - 10:30	LEGO BATMAN ÍSL TAL kl. 5:40
VAIANA ÍSL TAL 2D kl. 5:40	FIFTY SHADES DARKER kl. 5:20 - 8 - 10:40	LEGO BATMAN ENSKT TAL kl. 5:40
	LA LA LAND kl. 5:20 - 8 - 10:40	RINGS kl. 10:40
		LA LA LAND kl. 8

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ Í DAG

FIFTY SHADES DARKER
PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

BIO PARADIS **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19**

Moonlight..... 17:30, 20:00
 Paterson..... 17:30, 22:30
 Hjartasteinn ENG SUB..... 17:30
 Toni Erdmann..... 20:00
 Elle..... 20:00
 Besti Dagur Í Lifi Olli Maki..... 22:30

Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

um ásetningi. Með því að einbeita okkur að þessum þáttum getum við aukið orku okkar, dregið úr spennu, minnkað stress og kvíða, mildað verki og skapað viðnám gegn ýmsum sjúkdómum. Qi gong er leið að hugarró og innri frið.

Hvað? Opnun hjá Hrund Atladóttur
Hvenær? 17.00
Hvar? Vínlyl, Hverfisgötu 76
 Hrund Atladóttir opnar sýninguna Loðna á veggjum Vínlyls, sýningin mun standa út mars. Léttar veitingar og list í boði. Loðna samanstendur af teikningum í blandaðri tækni sem unnar voru í skammdeginu 2016.

21. FEBRÚAR Tónlist

Hvað? Trío Sirajón tónleikar
Hvenær? 20.00
Hvar? Norræna húsið
 Trío Sirajón leikur á tónleikum í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmyrinni. Flutt verða fjölbreytt og litrík tónverk frá 20. öldinni; Largo eftir Charles Ives, tríó eftir Gian Carlo Menotti, þrjú dúettar eftir Dimitri Schostakovich, tríó eftir Aram Khatchaturian og La belle jardinière eftir Jónas Tómasson. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.500 kr. en 1.500 fyrir eldri borgara og öryrkja. Ókeypís fyrir nemendur og alla 20 ára og yngri. Miðasala við innganginn.

Fyrirlestrar

Hvað? Hvernig verður verðlaunavefur til?
Hvenær? 17.30
Hvar? Kex Hostel
 Verðlaunahafar þriggja flokka Íslensku vefverðlaunanna 2016 halda erindi. SVEF langar að skyggjast á bak við tjöldin og fá að heyrja frá sigurvegurinum hvernig verkefni urðu að veruleika. Vefstjóri Sjóvá, vefhönnuður hjá ueno og markaðs- og kynningarstjóri Símfóníuhljómsveitar Íslands halda erindi.

Uppákomur

Hvað? Námskeið í kaffigerð
Hvenær? 20.00
Hvar? Te & Kaffi, Aðalstræti 9
 Á námskeiðinu er stiklað á stóru um allt sem tengist kaffi; hvaðan það kemur, hvernig það er unnið, hvaða efni eru í kaffinu, svo fátt eitt sé nefnt. Kaffi frá ólíkum stöðum í heiminum verður smakkað og farið verður yfir hvernig er best að hella upp á á gamla mátann. Námskeiðið er hugsað fyrir fólk sem hefur áhuga á mismunandi aðferðum við að gera kaffi og/eða er einfaldlega áhugasamt um kaffi sem slíkt. Þátttakendur fá tækifæri til að kaupa búnað og aukahluti á 15% afslætti á meðan námskeiðið stendur yfir en auk þess verða allir leystr út með gjöfum.

Hvað? Small talks – Þrjú ný í núinu
Hvenær? 20.00
Hvar? Harpa
 Á fyrirlestrinum verður sjónum beint að þremur nýlegum hönnunar- og arkitekturstúdíóum; Alvöru, Stúdíó Kleinu og Tripólí. Fyrirlestrinum er ætlað að draga unga og upprennandi hönnuði og arkitekta fram í sviðsljósið en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa lokið grunnnámi við Listaháskóla Íslands. Á fyrirlestrinum munu þau veita innsýn í eigin hugarheim, segja frá hindrunum sem hafa orðið á vegi þeirra og hvernig það var að stiga skrefið frá skóla og yfir í atvinnulífið.



Stefan Glowacz heldur fyrirlestur ásamt öðrum um fjallamennsku.

Hvað? Fjallakvöld
Hvenær? 20.00
Hvar? Háskólabíó
 Stefan Glowacz, einn fremsti fjallamaður heims, kemur fram ásamt Tómasi Guðbjartssyni og Elísabetu Margeirsdóttur. 66°Norður í samstarfi við GORE-TEX halda fyrirlestur um fjallamennsku frá ólíkum sjónarhornum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, miðinn fæst á mid.is og ágóðinn rennur til styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

VIÐ BJÓÐUM NÝ BÖRN VELKOMIN!



BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR NOKKUR LAUS PLÁSS Í 1. BEKK HAUSTIÐ 2017

Barnaskólinn er sjálfstætt rekinn skóli sem starfar á grundvelli jafnréttis, umburðarlyndis og virðingar fyrir einstaklingnum. Hann er einn af fjórum grunnskólum Hjallastefnunnar ehf. og eru lykilhugtök okkar m.a. virðing, agi, sjálfstraust, kærleikur og frumkvæði. Við leggjum mikið upp úr einstaklingsmiðuðu námi í litlum barnahópum þar sem áherslan er á styrkleika barnanna og að þeim líði vel.

Frekari upplýsingar veita skólastýrir skólans, Edda Huld Sigurðardóttir ✉ eddahuld@hjalli.is og Kristín Cardew ✉ kristinc@hjalli.is.



UMSÓKNAREYÐUBLÖÐ MÁ FINNA Á HEIMASÍÐU SKÓLANS
<http://www.hjalli.is/bskre/> undir flípanum *Um skólann*



**PROVEN
EXCLUSIVITY**

Certified Pre-Owned Mercedes-Benz

Kraftmiklir bílar fyrir krefjandi aðstæður.

Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz. 4MATIC fjórhjóladrifskerfið er kjörið fyrir krefjandi íslenskar aðstæður og kemur að góðum notum innanbæjar jafnt sem utan alfaraleiða. Komdu og kynntu þér viðurkenndan bíl frá Mercedes-Benz.



Verð 13.950.000.-

GLE 350 4MATIC Coupé

Árgerð 2016, ekinn 17 þús. km, dísil 2.987 cc 259 hð, sjálfskiptur.

Aukabúnaður: AMG Sport pakki, 360° myndavélapakki, harman kardon hljómkerti, dráttarbeisli o.fl.



Verð 12.900.000.-

GL 350 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 28 þús. km, dísil 2.987 cc, 259 hð, sjálfskiptur.

Aukabúnaður: 20" álfelgur, dráttarbeisli, bílastæðapakki, sólþak o.fl



Verð 8.190.000.-

ML 250 4MATIC

Árgerð 2015, ekinn 63 þús. km, dísil 2.143 cc, 205 hð, sjálfskiptur.

Aukabúnaður: Leðuráklæði, sóllúga, nálgunarvarí o.fl

Mercedes-Benz



Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10-18, laugardaga 12-16

Þú finnur okkur á Facebook
[facebook.com/askjanotadibrilar](https://www.facebook.com/askjanotadibrilar)

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
 07.20 Teen Titans Go
 07.45 The Middle
 08.10 Mike & Molly
 08.35 Ellen
 09.15 Bold and the Beautiful
 09.35 The Doctors
 10.15 Drop Dead Diva
 11.00 First Dates
 11.50 Suits
 12.35 Nágrannar
 13.00 The X-Factor UK
 13.45 The X-Factor UK
 14.55 The X-Factor UK
 16.30 The Simpsons
 16.55 Bold and the Beautiful
 17.20 Nágrannar
 17.45 Ellen
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.55 Íþróttir
 19.05 Fréttir Stöðvar 2
 19.20 Last Week Tonight With John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeyttan og beinskeyttan húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
 19.50 Anger Management
 20.15 Modern Family Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
 20.40 Humans
 21.30 Timeless
 22.15 Blindspot
 23.00 The Heart Guy
 23.45 Grey's Anatomy
 00.30 Wentworth
 01.20 Nashville
 02.05 Covert Affairs
 02.45 NCIS
 03.30 Generation Um...
 05.05 Ellen
 05.45 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.35 Tindastóll - Stjarnan
 09.15 Domino's körfuboltakvöld 2016/2017
 10.55 Football League Show 2016/17
 11.25 FA Cup 2016/2017
 13.05 FA Cup 2016/2017
 14.45 FA Cup 2016/2017
 16.25 Ensku bikarmörkin 2017
 16.55 Hertha Berlin - Bayern Munchen
 18.35 Þýsku mörkin 2016/2017
 19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2016/2017
 19.30 Bayer Leverkusen - Atletico Madrid
 21.45 Meistaradeildarmörkin
 22.15 Manchester City - Monaco
 00.05 Meistaradeildarmörkin

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Newcastle - Aston Villa
 08.40 Gent - Tottenham
 10.20 Villarreal - Roma
 12.00 Evrópudeildarmörkin 2016/2017
 12.50 FA Cup 2016/2017
 14.30 Newcastle - Aston Villa
 16.10 Tindastóll - Stjarnan
 17.50 Domino's körfuboltakvöld 2016/2017
 19.30 Manchester City - Monaco
 21.45 Bayer Leverkusen - Atletico Madrid
 23.35 Formúla E 2016/2017

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

BÍÓSTÖÐIN

11.35 Wedding Crashers
 13.35 The Age of Adeline
 15.25 Grandma
 16.45 Wedding Crashers
 18.45 The Age of Adeline
 20.40 Grandma
 22.00 Straight Outta Compton
 Mögnuð mynd frá 2015 byggð á sannsögulegum atburðum. Sögð er saga hljómsveitarinnar N.W.A. sem náði gríðarlegum vinsældum á níunda áratugnum og var í fararbroddi hip hop-tónlistarbyltingarinnar á vesturströnd Bandaríkjanna. N.W.A. (Niggaz Wit Attitudes) var stofnuð árið 1986 af þeim Arabian Prince, DJ Yella, Dr. Dre, Eazy-E og Ice Cube sem allir voru úr Compton-hverfinu í suðurhluta Los Angeles-borgar, en þar hafði þá um langa tíð verið róstudum og átök algeng á milli íbúanna og yfirvalda. Fyrsta stúdíóplata N.W.A. kom út í ágúst árið 1988 og hlaut heitið Straight Outta Compton. Hún reyndist tímamótaverk sem átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á rapp- og hip hop-tónlistarmeninguna í Bandaríkjunum og víðar.
 00.25 Mad Max. Fury Road
 02.25 Deliverance Creek
 03.50 Straight Outta Compton

RÚV

15.25 Íslendingar
 16.15 Downton Abbey
 17.50 Tákn málsfréttir
 18.00 KrakkaRÚV
 18.01 Hopp og hí Sessami
 18.25 Hvergi drengir
 18.50 Krakkafréttir
 19.00 Fréttir
 19.25 Íþróttir
 19.30 Veður
 19.35 Kastljós
 20.10 Örkin
 20.40 Cuckoo
 21.15 Castle
 22.00 Tiufréttir
 22.15 Veðurféttir
 22.20 Horfin
 23.20 Spilaborg
 00.10 Kastljós
 00.40 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
 08.00 America's Funniest Home Videos
 08.25 Dr. Phil
 09.05 Life Unexpected
 09.50 Judging Amy
 10.35 Síminn + Spotify
 13.35 Dr. Phil
 14.15 The Good Place
 14.40 Top Chef
 15.25 American Housewife
 15.45 Your Home in Their Hands
 16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
 17.15 The Late Late Show with James Corden
 17.55 Dr. Phil
 18.35 Everybody Loves Raymond
 19.00 King of Queens
 19.25 How I Met Your Mother
 19.50 Black-ish
 20.15 Jane the Virgin
 21.00 Code Black
 21.45 Madam Secretary
 22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
 23.10 The Late Late Show with James Corden
 23.50 Californication



TIMELESS

Stórskemmtilegir spennuþættir um þríeyki sem ferðast aftur í tímann og freistar þess að koma í veg fyrir þekktu glæpi sögunnar og þar með gjörbreyta heimssögunni eins og við þekkjum hana.

ÞRÆLGÓÐUR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



MODERN FAMILY

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.



HUMANS

Þættirnir gerast í heimi þar sem vélmenn eru notuð sem þjónustufólk á heimilum en erfitt getur verið að greina á milli hverjir eru mennskir og hverjir ekki.



BLINDSPOT

Hörkuspennandi þættir um Jane Doe og félagi hennar í FBI en þar er aldrei nein lognmolla.



STRAIGHT OUTTA COMPTON

Mögnuð saga hljómsveitarinnar N.W.A. sem náði gríðarlegum vinsældum á níunda áratug síðustu aldar og var í fararbroddi hip hop-tónlistarbyltingarinnar á vesturströnd Bandaríkjanna.




MAYDAY: DISASTERS

Vandaðir og afar áhrifamiklir heimildarþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



LÁSI LÖGGUBILL

Frábær teiknimynd um Lása löggubíl og ævintýrin sem hann lendir í á hverjum degi.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

Billions er kominn í Sjónvarp Símans Premium

Einn stærsti þáttur Sjónvarps Símans snýr aftur

BILLIONS

Þeir sem eru með **Sjónvarp Símans Premium** geta horft á fyrsta þáttinn í nýrri þáttaröð af **Billions** á undan öðrum ásamt því að rifja upp alla fyrstu þáttaröðina. **Svona á sjónvarp að vera.**

FRÁDRÁTTARBÆR REKSTRAR- KOSTNAÐUR

SNIÐIÐ AÐ FÓLKI MEÐ
VIÐSKIPTA-, REKSTRAR- OG
BÓKHALDSMENNTUN
OG FYRIR LÖGFRÆÐINGA.

LAUN, LAUNATENGÐ GJÖLD OG
STARFSTENGÐ HLUNNINDI.

MÖRK FRÁDRÁTTARBÆRS REKSTRAR-
KOSTNAÐAR OG EINKAKOSTNAÐAR.

ANNAR KOSTNAÐUR.

RÉTTARSTAÐA GAGNVART
SKATTAYFIRVÖLDUM.

RAUNHÆF VERKEFNI.

DAGANA 1. 8. 15. OG 22. MARS.
Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 9-12



www.ntv.is



FYRIRLESARI:
ANNA LINDA
BJARNADÓTTIR,
HÉRAÐSDÓMS-
LÖGMADUR, LL.M

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn



Bjarni Karlsson og Sigurbjörg Ágústsdóttir ásamt söfnuði sínum í „stærstu kirkju landsins“.

Trúarþrek er fyrir bæði líkama og sál

Þau séra **Bjarni Karlsson** og **Sigurbjörg Ágústsdóttir** íþróttakennari settu saman svokallað Trúarþrek, þrektíma í World Class þar sem þátttakendur auka andlega og líkamlega hreysti á sama tíma, með alhliða þjálfun þar sem sálin er ekki skilin út undan.

Þetta er konsept sem ég er búinn að hugsa lengi. Alltaf þegar ég er að hlaupa, synda eða gera æfingar – taka metrana mína, þá er það tíminn þegar ég er að ihuga. Það hefur alltaf verið, þarna er ég að semja eitthvað í huganum, að taka ihugun og bæn. Eitt sinn sat ég í klefanum og var að ræða við Bjössu í World Class og hann sagði: „Þú gerir þér grein fyrir að World Class er stærsta kirkjan, hvenær ætlar þú að messa hérna?“ og ég sagði við hann: „Þetta er nú dýrt sko, ég gæti átt eftir að taka mark á þessu,“ en hann sagðist vera að meina þetta. Svo leið töluverður tími og þetta endaði með að ég sagði honum frá hugmyndinni minni og þetta varð að veruleika,“ segir Bjarni Karlsson prestur sem ákvað að byrja með tímana Trúarþrek í World Class.

Hvernig fer þetta fram, predikar þú yfir fólkinu á meðan það svitnar? „Nei, það sem gerist er að í upphafi tímans gef ég fólki eitt umhugsunarefni til þess að taka inn í tímann. Síðast sagði ég fólki að hugsa um meðvirkni og það alla að hugsa um fólkið í lífi sínu sem það á í meðvirkum samskiptum við. Á meðan fólk púlar þá segir það um efnið og síðan þegar allir eru búnir og fara í teygjurnar þá segi ég eina af 1001 sögu úr Bibliunni, ég vel eina sögu sem ég á gott með að segja og tengist umhugsunarefninu. Um leið og fólk er búð að teygja og leggst sveitt á dýnu þá kemur ihugun og þá tengi ég þessa sögu við mína reynslu og annarra.“

Ertu einn í þessu? „Ég fékk alveg frábæra konu sem heitir Sigurbjörg Ágústsdóttir með mér í lið, hún er menntaður íþróttakennari og mikill fagmaður í þessu og við bara suðum saman góðan alhliða þrektíma, þannig að fólk virkilega reyni á sig og svitni, og ihugun um leið. Sigurbjörg les hópinn og nær að láta alla hreyfa sig þannig að þeir reyni á og fái mikið út úr tímanum hvernig sem þreki þeirra er háttað.“

Hvernig hefur svo gengið? „Þetta er klárlega konsept sem virkar. Það er alltaf að fjölga í tímum. Við vorum sjö til að byrja með, svo urðum við tólf og núna síðast vorum við fimmtán eða sextán. Það er alltaf að bætast í hópinn, fólk er að koma og njóta.“

Hreyfir þú þig mikið? „Ég byrjaði þegar World Class var opnað á sínum tíma. Við hjónin höfum verið þarna alveg frá upphafi. Þetta er hluti af okkar lífsstíl, að reyna að hreyfa sig og halda heilsu. Hreyfing

EF FÓLK ÆTLAR AÐ HALDA HEILBRIGÐI LÍKAMA OG SÁLAR ÞÁ ÞARF AÐ HREYFA SIG OG LIFA VIRKU ANDLEGU LÍFI.

og ihugun er besta geðlyfið. Ef fólk ætlar að halda heilbrigði líkama og sálar þá þarf að hreyfa sig og lifa virku andlegu lífi, vera andlega meðvitaður, það segi ég. Þess vegna hugsaði ég með mér að þarna væri tækifæri til að miðla, því að maður getur jú ekki gefið nema það sem maður á. Þarna er eitt-hvað sem ég þekki og það er gaman að geta miðlað því.“

Trúarþreks-tímarnir fara fram í hádeginu á fimmtudögum í Laugum. Þess má geta að næsta umhugsunarefni er hvorki meira né minna en dauðinn. **stefanthor@frettabladid.is**

Bjarni les upp úr Bibliunni eftir tímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigrífu Órn Einarsson sigrifu@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta



Allir ættu að fá sér N1 kortið eða lykilinn

N1 kortið og N1 lykillinn kosta ekkert en færa þér bæði afslátt og N1 punkta sem gilda sem inneign í öllum viðskiptum við N1.

Sæktu um kortið á n1.is og byrjaðu að spara og safna.



BOOZT í meistaramánuði

Allar tegundir
590 kr.
fyrir N1 korthafa



Hluti af sparnaðinum



Bakþankar

Sírrýjar
Hallgrímsdóttur



Útkall í þágu vísinda

Bank, bank. „Góðan daginn, við erum hér á vegum Kára Stefánssonar til að safna lífsýnum fyrir ameríska lyfjarisann Amgen.“

„Já, frábært en er ekki alveg öruggt að þetta sé ópersónugreinanlegt?“

„Jújújú, ekki séns að finna út úr þessu, allt dulkóðað í bak og fyrir.“

„Já, einmitt, en hérna var ekki Kári Stefánsson að segja að hann ætlaði að finna alla glæpamenn með þessum grunni?“

„Jú!“

„Bíddu, en er þetta þá persónugreinanlegt?“

„Sko, þetta eru ópersónugreinanleg persónugreinanleg gögn.“

„Ha???“

„Ja, sko, þetta er mjög flókið.“

En Kári er mjög klár í þessu, hann skilur þetta og það er nóg. (Smá þirrings farið að gæta hjá safnar-anum).

„Getið þið þá greint gögnin um mig?“

„Ekki nema þú sért glæpamaður eða ætlir að fremja glæp, þá getum við greint þau.“

„Einmitt það, já, veistu, ég held ég sleppi þessu bara, ég vil ekki að eitthvert amerískt fyrirtæki geti skoðað genin mín, þetta er nú ekki svo glæsilegt hjá mér hvort sem er, ég meina genin.“

„Ég myndi nú skoða þetta aðeins betur ef ég væri þú.“

„Nú, af hverju?“

„Það eru bara þeir sem eru glæpamenn eða ætla að fremja glæp sem ekki vilja vera með í þessu.“

„Kommon, þú ert að grínast.“

„Nei, og þú ferð þá á lista yfir væntanlega glæpamenn, eðlilega, þú vilt ekki vera með og það getur bara verið ein ástæða fyrir því. Annaðhvort ætlar þú að fremja glæp eða ert búin að fremja glæp.“

„Þetta eru tvær ástæður.“

„Ha?“

Hér lauk samtalinu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

GLAMOUR.is



Allt það helsta úr heimi TÍSKUNNAR á einum stað
GLAMOURIS



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna
Pokagormakerfi, gæðabólstun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.

100x200 cm

Verð aðeins kr. 72.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 79.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 89.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 99.900.-

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
Verð með PU-leðurbotni og fótum

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 129.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 134.900.-

Náttslóppar og sængurföt

Mikið úrval - Flottar fermingargjafir



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

FERMINGAR tilboð



Vandyck sængurverasett
að eigin vali fylgir öllum
fermingarrúmum



Memory Deluxe

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna
sem veitir fullkominn stuðning.

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna
sem styður rétt við líkamann

Cool Memory efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með PU leðurbotni og fótum

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 129.900.-

160x200 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00